

Byggingar á Árskógsströnd byggð fyrir 1950

| | | | | | | | |
|--------------|-----|------|-----------------|-------------|---------|--------|-----------------------|
| Sandvík | (H) | 1926 | Einbýli | Sandvík | 2156791 | 152282 | 108,40 m ² |
| Aðalgata 11 | (H) | 1927 | Íbúð | Steinnes | 2156796 | 152285 | 110,20 m ² |
| Aðalbraut 1 | (Á) | 1932 | Einbýli | Hólanes | 2156710 | 152232 | 150,60 m ² |
| Ægisdaga 9 | (Á) | 1933 | Íbúð | Skógarnes | 2156722 | 152239 | 117,00 m ² |
| Ægisdaga 3 | (Á) | 1934 | Íbúð | Árnes | 2156712 | 152234 | 107,80 m ² |
| Ægisdaga 15 | (Á) | 1934 | Íbúð | Sæland | 2156733 | 152243 | 89,00 m ² |
| Aðalgata 6 | (H) | 1934 | Íbúð | Selvík | 2156792 | 152283 | 125,4 m ² |
| Árbrekka | (Á) | 1934 | Sumar | Árbrekka | 2353310 | 222787 | 52,0 m ² |
| Aðalgata 3 | (H) | 1935 | Íbúð | Ásgarður | 2156756 | 152257 | 85,60 m ² |
| Aðalgata 3 | (H) | 1935 | Íbúð | Ásgarður | 2156757 | 152257 | 78,30 m ² |
| Lækjarbakki | (Á) | 1935 | Sumar | Lækjarbakki | 2156714 | 152235 | 39,00 m ² |
| Móland | (H) | 1935 | Einbýli | Móland | 2156788 | 152280 | 94,50 m ² |
| Ártún | (Á) | 1935 | Íbúð | Ártún | 2156702 | 152226 | 60,70 m ² |
| Ártún | (Á) | 1935 | | | 2156703 | 152226 | 10,20 m ² |
| Aðalbraut 2 | (Á) | 1937 | Einbýli | Svalbarð | 2156729 | 152241 | 171,00 m ² |
| Aðalgata 1 | (H) | 1938 | Einbýli | Garður | 2156761 | 152261 | 222,60 m ² |
| Aðalgata 5 | (H) | 1940 | | Setberg | 2156718 | 152236 | 143,90 m ² |
| Hafnargata 3 | (H) | 1940 | Fiskverkunarhús | | 2156672 | 152211 | 97,90 m ² |
| Viðarholt | (Á) | 1940 | Einbýli | Viðarholt | 2156738 | 152246 | 78,40 m ² |
| Árgerði | (Á) | 1940 | Einbýli | Árgerði | 2156699 | 152225 | 105,60 m ² |
| Árgerði | (Á) | 1940 | Geymsla | | 2156701 | 152225 | 44,10 m ² |
| Aðalbraut 8 | (Á) | 1942 | Einbýli | Sandgerði | 2156720 | 152238 | 159,1 m ² |
| | | 1942 | Bílskúr | | | | 35,3 m ² |
| Aðalgata 8 | (H) | 1944 | Íbúð | Hóll I | 2156779 | 152275 | 86,8 m ² |
| Aðalgata 8 | (H) | 1944 | Íbúð | Hóll II | 2156780 | 152275 | 143,4 m ² |
| Árbakki | (Á) | 1945 | Íbúð | Árbakki | 2156697 | 152223 | 88,5 m ² |
| Aðalbraut 3 | (Á) | 1948 | Einbýli | Pálmlundur | 2156719 | 152237 | 215,0 m ² |
| Ægisdaga 19 | (Á) | 1945 | | Sæborg | 2156730 | 152242 | 123,4 m ² |
| Aðalgata 4 | (H) | 1948 | Einbýli | Ásbyrgi | 2156754 | 152256 | 173,4 m ² |
| Ægisdaga 3 | (Á) | 1950 | Íbúð | Árnes | 2156713 | 152234 | 125,6 m ² |
| Nesvegur 2 | (H) | 1950 | Íbúð | Gilsbakki | 2156771 | 152269 | 179,6 m ² |

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Sandvík – 26. Apríl 1934. Eigandi Jóhann Fr. Jónsson. Íbúðarhús úr einfaldri steinsteypu, þiljað innan með timbri, pappalagt og veggfóðrað. Ein hæð á kjallara. Lítið ris. Þak úr timbri, pappa og járnklætt. Loft, gólf og skilrúm úr timbri. Innrétting, ein stofa, tvö svefnherbergi og eldhús. Kjallarinn notaður til geymslu. Stærð: 7,0 x 6,3 x 5,5 m. Austan hússins er forstofa einnig úr einfaldri steinsteypu. Stærð: 2,4 x 2,2 x 4,0 m. Í kjallara eru steinskilrúm og steingólf. Stærð glugga og dyra í meðallagi.

Fasteignarmat 1940

Eigandi Jóhann Jónsson, leigulóð 200 m². Í eigu Ríkissjóðs. Íbúðarhús byggt 1927 úr steinsteypu 1 hæð kjallari, járnþak. Á hæðinni eru 3 herbergi og eldhús. Óvandað. Stærð: 7,0 x 6,3 x 5,5 m. Útbygging úr steinsteypu. Stærð: 2,4 x 2,2 x 4,0 m. Fjárhús fyrir 14 kindur að falli komið. Hlaða 16 m³. léleg.

*Stutt saga húss:*

Fedgarnir Jón Jóhannsson (1862-1941) og Jóhann Friðrik Jónsson (1888-1974) byggðu fyrsta steinhúsið á Hauganesi árið 1926, íbúðarhús úr einfaldri steinsteypu, þiljað innan með timbri, pappalagt og veggfóðrað. Ein hæð á kjallara. Lítið ris. Þak úr timbri, pappa og járnklætt. Loft, gólf og skilrúm úr timbri. Innrétting, ein stofa, tvö svefnherbergi og eldhús. Kjallarinn notaður til geymslu. Í kjallara eru steinskilrúm og steingólf. Þar var lengi framanaf ein kýr á bás, og þurfti hún að ganga upp tröppur til að komast úr á sumrum. Stærð glugga og dyra í meðallagi. Jóhann sem var háseti og útgerðarmaður á Hauganesi og kona hans Málfríður Baldvinsdóttir (1901-1995) bjuggu í þessu húsi allan sinn starfsaldur og komu þar upp sjö barna hóp. Elvar Reykjalín keypti húsið 1975 af Málfríði árið eftir að Jóhann dó. Núverandi eigandi Sandvíkur er Friðrik Jóhannsson frá Vestmannaeyjum og nýtir hann húsið sem sumarhús.

Athugasemd um húsið:

Litlar sem engar breytingar hafa verið gerðar á húsinu fyrir utan venjubundið viðhald. Meðan Elvar átti húsið byggði hann við forstofuinnngandinn til suðurs og stækkaði hann um helming. Fyrir þann tíma hafði verið skipt um alla glugga í húsinu en þeim ekki breitt. Settir hafa verið hlerar eða lúguvangir sinnhvoru megin við alla glugga sem þykjast vera lokur fyrir gluggana en eru bara til skrauts.

Athugasemd um umhverfi húss:

Núverandi eigandi hefur sett sólpalla í skotið sunnan og austan við húsið og er sá pallur rammaður af með timburhandriðum og liggja tröppur af pallinum og niður í garð. Vestan við húsið hefur einnig verið komið fyrir litlum timburpalli og í honum er heitur pottur. Við þann pall eru timburskjólveggir á tvo vegu.



Eigenda og íbúaskrá

| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
|--------------------|---|---|
| 1926-1941 -1929 | Jón Jóhannsson frá Selá Kristín Loftsdóttir | |
| 1926-1974 -1977 | Jóhann Friðrik Jónsson Málfríður Baldvinsdóttir | Reynir (1927) Kristín (1928) Karítas Rósa (1930) Erla (1932) Jón (1934) Óskar Baldvin (1938) Selma (1940) |
| 1940- | Guðrún Jónsdóttir (vinnukona) Anna Friðriksdóttir (móðir Malínar) Malín Þorsteinsdóttir | Þórunn Jóhannsdóttir (1919) |
| 1950-1952 | Karítas Rósa Jóhannsdóttir | Ómar Eyfjörð Friðriksson (1950) |
| 1949-1951 | Jón Maríus Jónsson Kristín Jóhannesdóttir | Heiða Björk (1949) |
| 1952-1953 | Sigfríð Jónsdóttir | |
| 1962-1964 -1963 | Stefán Hermannsson Selma Jóhannsdóttir | Hermann Rúnar (1962) |
| 1975-1983 | Elvar Reykjalín Jóhannesson Guðlaug Jóhanna Carlsdóttir | Eva Reykjalín (1975) Ellý Reykjalín (1980) |
| 1977-1982 | Unnur Carlsdóttir | |
| 1984-1985 | Angantýr Arnar Árnason Björk Elva Brjánsdóttir | Fannar Þór Gunnarsson (1978) Egill Daði (1983) |
| 1986-1987 | Heiða Björk Sævarsdóttir | |
| 1987-1989 | Örn Traustason Auður Kjartansdóttir | |
| 1989-1997 | Auðbjörg sf | |
| 1997 og enn | Friðrik Jóhannsson | |

Móland (H) 1935, einbýli.

fastanr. 2156788

landnr. 152280

94,5 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Móland – apríl 1935. Eigandi Jóhann Guðmundsson og seinna Sigurpáll Sigurðsson.

Íbúðarhús úr timbri, pappalagt og klætt bárujárnri. Ein hæð á steyptum grunni með einföldu bárujárnspaki. Innrétting, forstofa, tvö svefnherbergi, dagstofa, búr og eldhús. Alþiljað innan, strigalagt og veggfóðrað og málað. Stærð: 7,9 x 6,9 x 4,5 m. Norðan íbúðarhússins er geymsluskúr úr timbri. Með timbur, pappi og járnþaki, og steyptu gólfi. Stærð: 6,9 x 3,2 x 2,2 m. Jóhann Jónsson Hauganesi váttryggir hús í smíðum og efni á staðnum. Byggt úr timbri, pappa og bárujárnri. Húsið er byggt á Hauganesi. Váttryggt frá 15/2 1935.



Fasteignarmat 1940

Eigandi Jóhann Guðmundsson, eigandi lóðar Ríkissjóður. Stærð lóðar 200 m². Íbúðarhús byggt 1935 úr timbri á steyptum grunni klætt bárujárnri með járnþaki og einum reykháfi. Þrjú herbergi, búr, eldhús og forstofa. Stærð: 7,9 x 6,9 x 3,5 m. Skúr áfastur úr timbri með járnþaki. Stærð: 6,9 x 3,2 x 2,2 m. Fjárhús úr torfi fyrir 25 kindur, stæðilegt. Hlaða 40 m³. Stæðileg.

Stutt saga húss:

Jóhann Sigurður Guðmundsson (1889-1988) var vélbátaformaður á Dalvík, í Hrísey og Siglufirði, en síðast og lengst af útvegsbóndi á Mólandi, Hauganesi. Hann byggði þar íbúðarhús 1935 úr timbri, pappalagt og klætt bárujárnri. Ein hæð á steyptum grunni með einföldu bárujárnspaki. Innrétting, forstofa, tvö svefnherbergi, dagstofa, búr og eldhús. Alþiljað innan, strigalagt og veggfóðrað og málað. Norðan íbúðarhússins er geymsluskúr úr timbri, með timbur, pappi og járnþaki, og steyptu gólfi. Jóhann og kona hans Sigurlín Sigurðardóttir (1889-1946) sem áður bjuggu í Guðmundarbæ á Hauganesi, bjuggu í Mólandi meðan Sigurlín lifði, en hún dó 1946 nokkuð fyrir aldur fram. Sigurpáll Sigurðsson (1910-1993) sjómaður úr Steinkoti og seinna sjómaður og útgerðarmaður á Brimnesbakka, eignaðist Móland um 1950 og bjó þar ásamt konu sinni Halldóru Guðmundsdóttur (1916-1990) sem kom frá Sæbóli í Núpssókn, V-Ís. Í Mólandi ólu þau upp níu barna hóp, og hefur þá stundum verið nokkur þröng á þingi. Sigurpáll átti Móland allt til dauðadags, en hann dó 1993 og þá eignuðust börn þeirra Sigurpáls og Halldóru húsið og eiga það enn og er það nýtt sem frístundarhús.



Athugasemd um húsið:

Mólandi hefur verið haldið ágætlega við í gegnum tíðina en litlar sem engar breytingar veðrið gerðar. Þó hefur verið skipt um glugga og þeim breytt þannig að þar sem áður voru

hefðbundnir gluggar með krosspóstum eru nú gluggar með einum standandi pósti sem skiptir glugganum í eitt stórt hólf og annað langt og mjótt og í því laust fag.

Athugasemd um umhverfi húss: Islendingabok.is

Húsið stendur á 700 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar, upphaflega úr landi Selár. Í kring um lóðina er timburgirðing og sunnan hússins er sólpallur með timbur skjólvegg. Í garðinum er gróskumikið reynitré og lágvaxnir skjólrunnar.

| Eigenda og íbúaskrá | | |
|---------------------|--|--|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1935-1947 -1946 | Jóhann Sigurður Guðmundsson Sigurlín Sigurðardóttir <i>(tökubarn)</i> | Birna Guðrún (1918) Anna Rósamunda (1920) Jónína Guðrún (1924) Jóhann Sverrir (1928) Sverrir Traustason (1933) |
| 194?-194? | Tryggvi Kristjánsson (v.m.) | |
| 1935-1940 | Kjartan Valdimarsson Birna Guðrún Jóhannsdóttir | Valdimar (1936) Jóhanna Dagný (1939) |
| 1947-1985? | Sigurpáll Sigurðsson Halldóra Guðmundsdóttir | Inga Sigurbjörg (1936) Guðmundur (1937) Sævar (1940) Gunnhildur Ásdís (1943) Matthías (1944) Sigurður Kristján (1947) Sveinfríður (1948) Arndís (1950) Óskar Jóhann (1952) |
| 1950-1964 -1978 | Sigurður Kristján Kristjánsson Jóhanna Sólbjörg Jóhannsdóttir | <i>(frá Selá. Sjómaður í Steinkoti, faðir Sigurpáls)</i> <i>(móðir Sigurpáls)</i> |
| 1950-1951 | Guðmundur Jónsson <i>(ættingi)</i> | <i>(frá Flateyri)</i> |
| 1956-1958 | Inga Sigurbjörg Sigurpálsdóttir <i>(Reynir Steingrímur Valdimarsson)</i> | Sigurbjörn Halldór Reynisson (1958) |
| 1963-1965 | Ásdís Sigurpálsdóttir | Aðalheiður H Arnpórsdóttir (1963) |
| 1964-1965 | Sævar Sigurpálsson Róslín Tómasdóttir | Heiða björk (1964) Halldóra Björg (1965) |
| 1968-1969 | Matthías Sigurpálsson Agla Sigurðardóttir | |
| 1976-1978 | Sigurbjörn H Reynisson | |

1993 og enn

Ásdís Sigurpálsdóttir
Arndís Sigurpálsdóttir
Sævar Sigurpálsson
Guðmundur Sigurpálsson
Inga Sigurbjörg Sigurpálsdóttir
Sveinfríður Sigurpálsdóttir
Matthías Sigurpálsson
Sigurður Sigurpálsson

Aðalgata 1, Garður, Gunnarshús (H) 1938, fastanr. 2156761 landnr. 152261 222,6 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Garður, Hauqanesi – des. 1938. Eigandi Gunnar Níelsson. Íbúðarhús úr einfaldri steinsteypu. Ein hæð á kjallara með lágu risi. Kjallari í 4. Hólfum skipt með steinskilrúmum. Notaður til geymslu. Á hæðinni er inngangur, tvö svefnherbergi, stofa og eldhús. Á hæðinni er langskilrúm úr steini. Önnur skilrúm eru úr timbri. Strigalögð og veggfóðruð. Einnig útveggir. Stærð: 7,25 x 6,6 x 6,1 m. Fellur niður, önnur virðing.



9/10. 1949. Íbúðarhús úr steinsteypu og R-steini, ein hæð á kjallara, 6 herbergi, stofa og eldhús. Forstofa og gangur. Kjallarinn notaður til geymslu. Stærð: 14,4 x 8,0 x 6,0 m.

Fasteignarmat 1940

Eigandi Gunnar Níelsson, leigulóð 200 m². Íbúðarhús byggt 1938, steinsteyppt hús, ein hæð á kjallara, lágt ris. Pappklætt þak. Hæðin fjögur hergargi og forstofa. Kjallara skipt í 4 hólf, gólf steyppt. Stærð: 7,0 x 6,3 x 5,3 m.



Stutt saga húsið:

Gunnar Níelsson (1905-1980) útgerðarmaður og áður bóndi í Brimnesi, byggði íbúðarhúsið í Garði 1938, úr einfaldri steinsteypu, ein hæð á kjallara með lágu risi og pappklætt þak. Kjallari í 4 hólfum skipt með steinskilrúmum. Notaður til geymslu. Á hæðinni er inngangur, tvö svefnherbergi, stofa og eldhús. Á hæðinni er langskilrúm úr steini. Önnur skilrúm eru úr timbri, strigalögð og veggfóðruð, einnig útveggir. Byggt er við húsið 1948. Það er álma sem snýr þvert á húsið sem fyrir er, úr steinsteypu og R-steini, ein hæð á kjallara, 6 herbergi, stofa og eldhús, forstofa og gangur. Kjallarinn notaður til geymslu og þar voru fyrst í stað kýr, en fljótlega upp úr 1950 byggði Gunnar steinsteypptan skúr vestan við húsið, þar sem kýrnar voru hafðar. Þau Gunnar og Helga Jónsdóttir (1907-1987) kona hans bjuggu í Garði allan sinn búskap og eftir að Gunnar féll frá, bjó Helga þar áfram til dauðadags. Þá keypti Eysteinn Jónsson (1941) Garð og bjó þar ásamt konu sinni Öldu Þorvaldsdóttur (1941) til 1995 en þá eignaðist dóttursonur þeirra Gunnars og Heldu, Gunnar Anton Jóhannsson húsið og átti og bjó þar til 1999. Þá keyptu Grétar Þór Magnússon og Elsa Ólafsdóttir og áttu til 2003 þegar núverandi eigandi eignaðist Garð.

Athugasemd um húsið:

Fljótlega eftir 1950 var byggður inngangsskúr og geymsluskúr vestan við húsið steypptir veggir og skúrþak. Eftir að Ólafur Agnarson eignaðist Garð 2003 var farið í að klæða húsið að utan með hvítu bárujárni og einangra það í grind



með 2 tommu steinull. Við sama tækifæri var skipt um alla glugga í húsinu og þeim breytt þannig að þar sem áður voru gluggar með einum liggjandi pósti sem skipti glugganum í tvö hólf, stærra að neðan og laust fag í því efra. Í staðinn komu gluggar með einum standandi pósti sem skiptu gluggunum í tvö hólf og annað mjótt með lausu fagi. Eftir að hitaveita kom á Hauganes var múrþípa sem var á eldri álmu hússins, fjarlægð.



Athugasemd um umhverfi húss:

Garður stendur á 500,0 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Timburgirðing er í kringum lóðina og talsverður trjágróður í garðinum. Sólþallur er sunnan við húsið afgirtur skjólvegg, lítið garðhýsi sunnan húss.

| Eigenda og íbúaskrá | | |
|----------------------------|--|---|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1938-1980 -1987 | Gunnar Nielsson Helga Jónsdóttir | Níels Kristinn (1928) Petra Jenný (1929) Kristbjörn Halldór (1932) Valborg Raket Sigríður (1939) Sigurbjörg Helga (1946) Gunnborg Hugarún (1948) |
| 1950-1957 | Jóhann Sigurðsson Antonsson Petrea Jenný Gunnarsdóttir | Gunnar Antor (1956) |
| 1954-1958 | Kristbjörn Halldór Gunnarsson Ásta Þórey Hannesdóttir | Hafdís Helga (1954) Elsa Jenný (1956) |
| 1958-1960 | Kristján Jensson Valborg Raket Sigríður Gunnarsdóttir | Gunnar Helgi Kristjánsson (1958) Jens Óli (1959) |
| 1969-1970 | Gunnborg Hugarún Gunnarsdóttir | Jóhann Pétursson (1969) |
| 1980-1987 | Gunnar Helgi Kristjánsson | |
| 1987-1995 | Eysteinn Jónsson Alda Þorvaldsdóttir (<i>víkurbakka</i>) | Eiríkur Bjarki (1965) |
| 1988-1989 | Eiríkur Bjarki Eysteinnsson | |
| 1995-1999 | Gunnar Anton Jóhannsson Hafdís Njálisdóttir | |

1999-2003

Grétar Þór Magnússon
Elsa Ólafsdóttir

Matthías (1989)
Friðrik Þór (1991)
Róbert Þór (1996)

2003-2014
2003 og enn

Ólafur Pálmi Agnarsson
Hrefna Björk Guðnadóttir

Jón Atli Sigurðsson (1990)
Andri Þór Þrastarson (1994)
Kolbrún Áslaug (2001)
Guðrún Katrín (2002)
Steinunn Ósk (2002)

| | | | | | |
|---------------------------------|------|------|---------|--------|----------------------|
| Aðalgata 3, Ásgarður (H) | 1935 | Íbúð | 2156756 | 152257 | 85,60 m ² |
| | 1935 | Íbúð | 2156757 | 152257 | 78,30 m ² |

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Ásgarður – nóv 1935. Eigandi Trausti Jóhannesson. Íbúðarhús úr einfaldri steinsteypu, tvær

hæðir, kjallaralaust með litlu risi. Þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í húsinu er skilrúm úr steinsteypu eftir lengdinni og norðurhelming þess er skipt með steinsteypuskilrúmunum. Í húsinu eru á neðri hæð tvær forstofur, tvær stofur, tvö svefnherbergi, eldhús og tvö geymsluherbergi. Á efrihæð eru tvær stofur, þrjú svefnherbergi, eldhús og geymsluherbergi. Stærð: 10,3 x 7,7 x 7,0 m.



Fasteignarmat 1940

Ásgarður byggður 1935, eigandi Trausti Jóhannesson, leigulóð 200 m². Íbúðarhús af steinsteypu, 2 hæðir með lágu risi, steipt skilrúm, jarnþaki. Á neðri hæð 4 herbergi, eldhús og 2 forstofur. Á efri hæð 5 herbergi, eldhús og geymsla. Stærð: 10,3 x 7,1 x 6,0 m.

Stutt saga húss:

Ásgarð byggðu feðgarnir Trausti Jóhannesson (1880-1964) útgerðarmaður á Ytri-Ási, og synir hans þrír, þér Jón Óli (1903-1972), Sigurður (1905-1988) og Jóhannes (1913-1985), árið 1935. Íbúðarhús úr einfaldri steinsteypu, tvær hæðir, kjallaralaust með litlu risi. Þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í húsinu er skilrúm úr steinsteypu eftir lengdinni og norðurhelming þess er skipt með steinsteypuskilrúmunum. Í húsinu eru á neðri hæð tvær forstofur, tvær stofur, tvö svefnherbergi, eldhús og tvö geymsluherbergi. Á efrihæð eru tvær stofur, þrjú svefnherbergi, eldhús og geymsluherbergi. Yfirsniður var Steindór Rósinantsson (1890-1969) frá Ytri-Haga sem seinna varð tengdafaðir Sigurðar Traustasonar. Trausti og kona hans Anna Guðrún Jónsdóttir (1879-1941) frá Selá seinna í Steinkoti, bjuggu í Ásgarði til æviloka. Jón Óli og kona hans Anna Þuríður Árnadóttir (1909-1966) bjuggu á neðri hæð hússins ásamt foreldrum hans en Sigurður og kona hans Nanna Jónína Steindórsdóttir (1923-2001) á þeirri efri ásamt Jóhannesi bróður sínum og konu hans Huldu Vigfúsdóttur (1914-2007). Þau Jóhannes og Hulda byggðu sér nýtt hús hinumegin við götuna og fluttu þar inn 1948 og nefndu það Ásbyrgi.



Athugasemd um húsið:

Forstofur hafa verið byggðar við húsið bæði að austan og vestan. Sennilega fyrir 1950. Að austan einna hæða inngangur á neðri hæð og að vestan tveggja hæða inngangur á efri hæð. Árið 1963 var Ásgarður tekinn í gegn innanstokks vegna þess að það lá við eyðileggingu

vegna rottugangs. Það var ekki steipt gólf á neðrihæðinni, heldur voru gólfbitar úr tré og klætt ofaná með gólfborðum. Útveggir voru einangraðir með reyðingi í timburgrind að innan, svo og milligólf. Allt var þetta fullt með rottum og þær búnaðar að skemma og eyðileggja. Sveinn Jónsson úr Kálfsskinni tók að sér að lagfæra húsið. Hann reif upp gólfið og gróf út úr sökkli og steypði gólfplötu að hluta til. Allt var hreinsað innanúr húsinu, klæðningar innaná útveggjum og milliveggir og allt endurnýjað. Aftur var farið í talsverðar endurbætur innanstokka um 1995. Þá var öll



einangrun á loftinu fjarlægð og blásið ull upp á loftið. Við það tækifæri var skorsteinn fjarlægður. Einnig var þá skipt um alla glugga og þeim breytt þannig að þar sem áður voru gluggar með tveimur standandi póstum og einum liggjandi sem skiptu glugganum í þrjú stærri hólf að neðan og þrjú minni að ofan og í mið hólfinu að ofan var laust fag. Í staðinn voru settir gluggar með einum liggjandi pósti sem skipti gluggunum í eitt stórt hólf að neðan og mjórra að ofan með lausu fagi. Tveir tígullaga gluggar sem voru fyrir ofar útidyr á viðbyggingu að sunnan voru sameinaðir í einn ferkantaðan. Nú, árið 2016 er enn verið að endurbæta húsið að innan. Búið er að brjóta upp og hreinsa burt öll gólf á jarðhæð og steypa ný og setja í þau gólfhita. Öll klæðning og einangrun á útveggjum á neðrihæð var endurnýjuð, skipt var um fúna enda í bitum í milligólfi, og gengið frá gólfi. Skipt hefur verið um allar lagnir í húsinu, skólpl. Vatn og rafmagn.

Athugasemd um umhverfi húss:

Ásgarði fylgir 500 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Umhverfis lóðina er steinsteipt girðing sem steipt var um 1960, með járnörum að ofan en steypujárnstaketti milli steypu stauranna. Meðfram girðingunni að austan, sunnan og vestan er vel klippt limgerði. Gangstétt er að inngangsdryrum að sunnan og austan.



Eigenda og íbúaskrá

| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
|--------------------------------|--|---|
| 1935-1964 -1941 | Trausti Jóhannesson (frá Kussungstöðum í Fjörðum) Anna Guðrún Jónsdóttir | Jón Óli (1903) Sigurður (1905) Jóhannes R (1913) |
| neðrihæð 1940-1970 -1966 | Jón Óli Traustason Anna Þuríður Árnadóttir (1909-1966) | Trausti Adolf (1928) Sigurður Anton (1931) Árni Baldvin (1935) Anna Björk (1941) Eygló Antonía (1948) |
| 1940- | Karitas Rósa Jóhannsdóttir (Sandvík) | |

| | | |
|-------------------------------|--|--|
| 1940- | Jóhannes Óli Sæmundsson Svanhildur Þorsteinsdóttir | Fjóla Jórunn (1937) |
| 1940-1951 | Guðlaug Jónsdóttir (gamalmenni) | |
| 1940-1951 | Kristín Halldóra Jónsdóttir (vk) | <i>(fer í Ásbyrgi)</i> |
| 1952-1966 | Trausti Anton Ólason Anna Björg Þorvaldsdóttir | Þorvaldur Óli (1954) Víkingur Trausti(1955) Hermann (Örn (1965) ÓlafurHelgi (1966) |
| 1952-1955 | Sigurður Anton Ólason Þórunn Vernharðsdóttir | Selma (1953) Halldór (1954) |
| 1957-1978 | Eiríkur Kristvaldsson Anna Björk Óladóttir | |
| efrihæð 1947-1988 -2001 | Sigurður Traustason Nanna Jónína Steindórsdóttir | Anna Guðrún (1947) Hilmir (1949) Stefanía Lára (1952) Jón Gunnlaugur (1956) Steindór Haukur (1960) Trausti Þór (1964) Ólafur Helgi (1966-2015) |
| 1940-1948 | Jóhannes Reykjalín Traustason <i>(seinna Ásbyrgi)</i> Hulda Vigfúsdóttir | Hanna Guðrún (1937) Trausti Hafstein (1940) |
| 1950-1952 | Svanlaugur Björgvin Þorsteinsson <i>(Hellu)</i> | |
| 1952-1953 | Jón Ólafur Vilhjálmsson <i>(sjómaður)</i> | |
| 1952-1955 | Sigurður Sveinbjörnsson <i>(skáldalæk)</i> | |
| 1962-1963 | Hermann Guðmundsson Margrét A Arnþórsdóttir | Guðmundur A (1962) Agnes Eyfjörð |
| 1966-1967 | Bjarni Hjartason Anna Guðrún Sigurðardóttir | Hjalti Már (1966) |
| 1970-1978 | Hilmar Sigurðsson | |
| 1977 1977-2002 | Steindór Haukur Sigurðsson Soffía Guðrún Ragnarsdóttir | Anna Rut (1976) Sigurður I (1979) |

1977 og enn
1984-

Jón Gunnlaugur Sigurðsson
Anna Sólveig Jónasdóttir

Svanhvít Íris Valgeirsdóttir
Drengur (1985)

2002 og enn

Anna Guðrún Sigurðardóttir
Hilmir Sigurðsson
Stefanía Lára Sigurðardóttir
Steindór Haukur Sigurðsson
Trausti Þór Sigurðsson
Ólafur Helgi Sigurðsson

Aðalgata 4, Ásbyrgi (H) 1948, einbýli

fastanr. 2156754

landnr. 152256 173,4 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Ásbyrgi – sept. 1950. Eigandi Jóhannes Reykjalín. Íbúðarhús, ein hæð á kjallara. Kjallarinn steyptur. Hæðin hlaðin úr R-steini. Á hæðinni er auk forstofu fjögur herbergi og eldhús. Gólf kjallara og hæð bæði úr steinsteypu. Kjallarinn notaður til geymslu. Stærð: 9,7 x 9,0 x 6,2 m.



Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1950 – 1973)

Ásbyrgi – sept. 1950. Íbúðarhús, ein hæð á steinsteypum kjallara. Hæðin hlaðin úr R-steini. Þak úr timbri, pappa og báruasbesti. Skilrúm úr steinsteypu og loft úr timbri. Á hæðinni eru auk forstofu fjögur herbergi og eldhús öll skilrúm og gólf yfir kjallara úr steinsteypu. Kjallari notaður til geymslu. Stærð: 9,7 x 9,0 x 6,2 m. (endurmetið 27/8 1960)



Stutt saga húss:

Jóhannes Reykjalín (1913-1985) og kona hans Hulda Vigfúsdóttir (1914-2007) frá Litla-Árskógi, höfðu byggt sér hús ásamt bræðrum hans og foreldrum í Ásgarði 1935. Þegar fjölskyldurnar stækkuðu í því húsi byggðu þau sér nýtt hús hinumegin við götuna og fluttu þangað inn 1948 og nefndu húsið Ásbyrgi. Íbúðarhús einnar hæðar á steyptum kjallara. Hæðin hlaðin úr R-steini. Þak úr timbri, pappa og báruasbesti. Á hæðinni eru auk forstofu fjögur herbergi og eldhús. Gólf í kjallara og á hæð bæði úr steinsteypu. Kjallarinn notaður til geymslu og þar voru tvær kýr á básum fram yfir 1960. Allar líkur eru á að húsið sé teiknað af Jóhanni Franklín Kristjánssyni frá Hellu, föðurbróður Huldu og að faðir hennar Vigfús Kristjánsson á Litla-Árskógi hafi verið yfirmiður. Hulda bjó áfram í Ásbyrgi eftir að Jóhannes féll frá þangað til hún flytur á Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík 2005. Þá keyptu þau Haraldur Ingi Haraldsson og Kolbrún Jónsdóttir Ásbyrgi og áttu það til 2013. Síðan þá hefur Íbúðarlánasjóður átt húsið.



Athugasemd um húsið:

Árið 1963 var reistur 14,9 m² bílskúr austan við húsið úr timbri á steyptum grunni, klæddur bárujárni. Þessi skúr er orðinn mjög lélegur ef ekki ónýtur. Íbúðarhúsið var vel byggt og vandað og vel viðhaldið meðan það var í eigu Jóhanns og Huldu. Guðmundur Ingvason sem bjó í húsinu ásamt konu sinni Huldu Hafsteinsdóttur, sonardóttur Jóhanns og Huldu, frá

1984-2005, skipti um alla glugga í Ásbyrgi 1996. Hann breytti í engu útliti þeirra. Um svipað leiti setti hann þakrennur á húsið sem aldrei hafði borið slíkar. Hann reisti sólskála áfast vesturhlið við norðvestur horn hússins. Húsið hefur nú staðið autt síðan Íbúðarlánasjóður eignaðist það 2013 og er það farið að láta á sjá.



Athugasemd um umhverfi húss:

Ásbyrgi stendur á 468,0 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Steinsteipt girðing með járnörgrindum er á lóðarmörkum sunnan og vestan húss. Lengi hefur verið rómaður skruðgarður í Ásbyrgi en það er eins komið fyrir honum og húsinu sjálfu að hann er farinn að vanta nauðsynlega umhirðu.

| Eigenda og íbúaskrá | | |
|----------------------------|---|---|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1948-1983 1948-2005 | Jóhannes Reykjalín Traustason Hulda Vigfúsdóttir | Hanna Guðrún (1934) Trausti Hafsteinn (1940) Vigfús Reynir (1943) Elísabet (1946) Ragnar Reykjalín (1948) Elvar Reykjalín (1954) |
| 1952-1970 | Kristín Halldóra Jónsdóttir | |
| 1959-1962 | Trausti Hafsteinn Jóhannesson Guðríður Stefánsdóttir | Stefán Rafn (1959) <i>fór 1980</i> Hulda Jóhanna (1960) |
| 1965-1966 | Vigfús Reynir Jóhannesson Svanhildur Árnadóttir | Kristján (1965) |
| 1967-1968 | Elísabet Jónannesdóttir <i>(Þorsteinn Skaptason)</i> | Guðrún (1968) |
| 1969-2005 1984- | Hulda Jóhanna Hafsteinsdóttir Guðmundur Ingvason | Valgerður Inga R (1989) Katrín Eva R (1996) |
| 2005-2013 | Kolbrún Jónsdóttir Haraldur Ingi Haraldsson | Ásdís Inga (1992) Haraldur Örn (1996) |
| 2013 og enn | Íbúðalánasjóður | |

Aðalgata 5, Setberg (H) 1940,

fastanr. 2156718

landnr. 152236

143,9 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Setberg – nóv. 1942. Eigandi Kjartan Valdimarsson. Íbúðarhús úr tvöfaldri steinsteypu, R-steini. Ein hæð, kjallari og ris. Kjallari í fjórum hólfum notaður til geymslu. Á hæðinni er auk inngangs, stofa, tvö herbergi og eldhús. Stærð: 7,1 x 6,4 x 5,5 m.

Stutt saga húss:

Kjartan Valdimarsson (1911-1987) sjómaður frá Hrísey og um tíma vinnumaður á Einarstöðum, Lögmannshlíðarsókn, og kona hans Birna Guðrún Jóhannsdóttir (1918-2014) frá Guðmundarbæ, bjuggu hjá foreldrum hennar í Móbergi frá 1935 til 1940. Þá höfðu þau byggt sér hús þar rétt hjá og nefna það Setberg. Íbúðarhús úr tvöfaldri steinsteypu, R-steini. Ein hæð, kjallari og valmapak. Kjallari í fjórum hólfum notaður til geymslu og þar voru einnig kýr. Á hæðinni er auk inngangs, stofa, tvö herbergi og eldhús.



Þeir smiðir sem komu mest að smíði hússins voru þeir Valtýr Jónsson á Selárbakka og Sigfús Þorsteinsson á Syðra-Kálfsskinni. Þegar fjölgaði í kotinu og þreyngdist um stækkandi fjölskyldu er farið að huga að viðbyggingu og laust eftir 1970 tekur Ingólfur Jónsson, tengdasonur Kjartans og Birnu og byggingameistari, að sér að hanna og byggja nýja álmu áfasta norðurhlið hússins. Nýbyggingin planar við vesturhlið eldra hússins en nær um 2 metra lengra í austur. Íbúðarhús úr einfaldri steinsteypu á steiptum grunni, ekki Kjallari. Risþak með mænisstefnu í norður – suður, klætt timbri og bárujárni. Þakinu á eldra húsinu var breytt þannig að í stað valmapaksins var sett risþak með mænisstefnu í austur – vestur. Efsti hluti stafna klæddir með standandi timburklæðningu. Þau Kjartan og Birna bjuggu allan sinn búskap í Setbergi og Birna áfram eftir að Kjartan féll frá þangað til hún fluttist á Dalbæ, Heimili aldraðar á Dalvík 1996. Þá keyptu þau Jóhannes Steingrímsson (1961) og Guðný Sif Njálisdóttir (1963) húsið og eiga það til 2001, en þá eignast Landsbankinn Setberg. Olgeir Þorvaldsson (1961) og Sigríður Óskarsdóttir (1962) keyptu af Landsbankanum 2002 og eiga húsið þar til núverandi eigendur, þau Sigurður Svavar Svavarsson (1991) og Poula Rós Mittelstein (1992) kaupa það 2013.

Athugasemd um húsið:

Eftir að Olgeir og Sigríður eignast Setberg láta þau setja forstofuinngang úr timbri á steiptum grunni . með risþaki, vestan á húsið. Einnig láta þau gera sólpall úr timbri með timbur skjólveggjum á tvo vegu, einnig vestan síð húsið. Þar er heitur pottur. Sunnan við pallinn eru timbur blómaker.



Athugasemd um umhverfi húss:

Setbergi fylgir 758,8 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Steipt stétt og útitröppur eru við aðalinnganginn framan við húsið og þar er einnig bílaplan. Sunnan við húsið er garður, afgirtur með lágum steinvegg og

röragrindverki. Í garðinum eru vaxin greni og aspartré.

| Eigenda og íbúaskrá | | |
|----------------------------|---|---|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1940-1986 -1996 | Kjartan Valdimarsson Birna Guðrún Jóhannsdóttir | Jóhann Valdimar (1935) Jóhanna Dagný (1939) Sigmar Björn (1944) Sigurlín (1950) Aðalheiður Regína (1951) Björgvin Rúnar (1956) Sigþór Aðalsteinn (1960) |
| 1940-1955 | Jóhann Sverrir Jóhannsson (<i>bróðir Birnu</i>) | |
| 1940-1958 | Sverrir Traustason (<i>frændi, húsm</i>) | |
| 1951-1964 | Jón Aðalsteinn Guðmundsson (<i>föðurbróðir</i>) | |
| 1955-1956 | Ingólfur Jónsso Jóhanna Dagný Kjartansdóttir | Erla Sigurveig (1956) |
| 1967-1970 | Jón Baldvin Bjarnason Sigurlín Kjartansdóttir | Hildur Birna (1970) |
| 1984-1986 | Sigþór Aðalsteinn Kjartansson Sigríður Jóhannsdóttir | Svanhildur Ýr (1985) |
| 1996-2001 | Guðný Sif Njálsdóttir Jóhannes Steingrímsson | Sveinn Óli Birgisson (1990) |
| 2001-2002 | Landsbanki Íslands hf | |
| 2002-2013 | Sigríður Óskarsdóttir Olgeir Þorvaldsson | Einar Björgvin (1984) Sigurborg Lilja (1992) |
| 2013 og enn | Sigurður Svavar Svavarsson Poula Rós Mittelstein | |

Aðalgate 6, Selvík (H) 1934, íbúð, fastanr. 2156792 landnr. 152283 125,4 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Hóll – 26. Apríl 1934. Eigandi Jóhann Sigurðsson. Torfbær.

Hóll, seinna Selvík – okt. 1935. Eigandi Jóhann Sigurðsson og seinna Sigurður Sveinbjörnsson. Íbúðarhús úr timbri á steiptum kjallara. Ein hæð með litlu risi. Hæðin er alþiljuð, strigalögð, veggfóðruð og máluð. Á hæðinni er forstofa, tvær stofur og fjögur svefnherbergi. Eldhús er í kjallara, að öðru leyti er hann notaður til geymslu. Stærð: 8,2 x 7,6 x 6,3 m.



Fasteignamat 1940

Eigandi Jóhann Sigurðsson, leigulóð 200 m²

Íbúðarhús byggt 1935 úr timbri með steiptum kjallara, 1 hæð með lágu risi og járnþak. 6 herbergi, eldhús og geymsla. Stærð: 8,2 x 7,6 x 5,6 m.

Eigandi Sigurður Sveinbjörnsson, eigandi lóðar Ríkissjóður. Stærð lóðar 200 m². Íbúðarhús byggt 1935 úr timbri á steinsteyptum kjallara pappaklætt utan, ein hæð með litlu risi. Þrjú herbergi, forstofa og eldhús. Ekki vandað. Stærð: 7,0 x 6,3 x 5,5 m. Fjós úr torfi fyrir 2 kýr, nýlegt. Fjárhús úr torfi fyrir 24 kindur timburstafn.

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1950 – 1973)

Selvík – mars 1952. Eigandi Angantýr Jóhannsson. Endurmat. Íbúðarhús byggt úr timbri, múrhúðað á steiptum kjallara. Þak úr timbri, pappa og járni. Loft, gólf og skilrún úr timbri. Flest skilrúm múrhúðuð. Innrétting á hæðinni eru fimm herbergi auk forstofu. Kjallari er í sex hólfum. Þar er eldhús, snyrtiherbergi, stofa og geymslur auk inngangs. Stærð: 8,2 x 7,5 x 7,0 m. Norðan hússins er skúr úr steinsteypu með járnþaki, notað til geymslu. Stærð: 7,5 x 3,8 x 2,5 m.



Selvík byggt 1935. Eigandi Jóhann Sigurðsson, leigulóð 200 m² íbúðarhús úr timbri með steiptum kjallara, 1 hæð með lágu risi og járnþak. 6 herbergi, eldhús og geymsla. Stærð: 8,2 x 7,6 x 5,6 m.

Stutt saga húss:

Húsið Selvík byggðu hjónin frá Selá þau Jóhann Sigurðsson (1974-1944) og Björg Arngrímsdóttir (1881-1956) árið 1935, eftir að jarðskjálftinn 2. júní 1934 hafði jafnað við jörðu öll hús á Selá. Þau fluttu sig um set og byggðu nær sjónum, íbúðarhús úr timbri á steiptum kjallara, ein hæð með litlu risi. Hæðin er alþiljuð, strigalögð, veggfóðruð og máluð. Á hæðinni er forstofa, tvær stofur og fjögur svefnherbergi. Eldhús er í kjallara, að öðru leyti er hann notaður til geymslu. Þau Jóhann og Björg bjuggu í Selvík til æviloka. Þá tók sonur þeirra, Angantýr Elías (1915-1984) og kona hans Dagmar Þorvaldsdóttir (1916-1972) við húsinu. Angantýr var útibússtjóri kaupfélagsins á Hauganesi til fjölda ára og bjó allan sinn

starfsaldur í Sandvík. Eftir hans dag eignaðist dóttursonur hans, Angantýr Arnar Árnason húsið og átti það til 1996 er Húsbréfadeild Húsnaðisstofnunar eignaðist það. Ása Hauksdóttir Drexler keypti Selvík 1997 og á það enn ásamt dóttur sinni Dóra Karen Drexler. Frá þeim tíma hefur enginn föst búseta verið í húsinu, en það nýtt sem frístundahús.

Athugasemd um húsið:

Eftir að Angantýr Jóhannsson tók við húsinu var byggður skúr úr steinsteypu norðan við húsið með járnþaki, notað til geymslu. Um það leiti, eða um 1950 var múrað utaná íbúðarhúsið. Þannig er húsið fram undir aldamótin síðustu. 1997 eignast Ása Hauksdóttir Drexler Selvík og hóf fljótlega miklar endurbætur á því. Hún lét skipta um alla glugga en útlit þeirra var látið halda sér. Einnig var skipt um hurðir, bæði á íbúðarhúsinu og einnig bílskúrnum. Húsið var



klætt að utan með bárujárni á timburgrind og var einangrað inn í grindina með 2'tommu steinullareinangrun. Skipt var um járn á þakinu og settar þakrennur.

Athugasemd um umhverfi húss:

Sunnan við húsið er steypdur sólpallur umgirtur timburskjólvegg. Timburgirðing er í kringum lóðina.

Eigenda og íbúaskrá

| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
|---------------------------------|---|--|
| 1934-1944 -1956 | Jóhann Gunnlaugur Sigurðsson Björg Arngrímsdóttir (<i>frá Tjörn Svð</i>) | |
| 1934- 1938-1952 1938-1954 | Sigurður Sveinbjörnsson (<i>Rönku-Siggi</i>) Guðrún Þorsteinsdóttir (<i>frá Botni Þorgf</i>) Sigrún Sigurjónsdóttir (<i>vk</i>) | Sigrún Sigurjónsdóttir (1902) |
| 1938-1984 -1972 | Angantýr Elías Jóhannsson Dagmar Þorvaldsdóttir | Þóra Guðlaug (1939) Arnþór (1949) |
| 1934-1951 | Svanbjörg Árnadóttir (<i>ekkjja</i>) (<i>Sigurður Anton Jóhannsson</i>) | Jóhann Sigurður (1927) Sigríður Antonía Lilja (1931) |
| 1940-1949 dó 1943 | Friðþjófur Gunnlaugsson Nanna Jóhannsdóttir | |
| 1950-1951 | Kristján Þorvaldsson Soffía Sigfúsdóttir (<i>móðir Kristjáns</i>) | |
| 1960-1966 | Árni Baldur Ólafsson Þóra Guðlaug Angantýsdóttir | Angantýr Arnar (1956) Óli Þór (1966) |
| 1973-1978 | Arnþór Angantýsson Halldóra Kolbrún Ólafsdóttir | Arnar Már (1973) Almar Örn (1977) |
| 1978-1986 | Angantýr Arnar Árnason Björk Elva Brjánsdóttir | Fannar Þór Gunnarsson (1978) Egill Daði Arnarson (1983) |
| 1986-1988 1987-1988 | Ingibjörg María Gylfadóttir Smári Steinarsson | |
| 1988-1989 | Jóhann Reynir Arason Hanna Birna Jónsdóttir | Drengur?(1988) |
| 1989- | Guðrún Sigríður Sumarliðadóttir | Jakob Gunnarsson (1983) |
| 1989- | Sigurborg Atladóttir | Gunnar Atli Sigurbjörnsson (1989) |
| 1997 | Húsbréfadeild Húsnaðisstofnunar | |
| 1997-2013 | Ása Hauksdóttir | |
| 2013 og enn | Dóra Karen Drexler | |

Aðalgata 8 Hóll (H) 1936 / 1944, einbýli fastanr. 2156779 landnr. 152275 86,8 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Hóll – okt. 1936. Eigandi Sigurður Sveinbjörnsson. Íbúðarhús úr timbri, ein hæð á kjallara úr einfaldri steinsteypu. Veggir og þak klætt tjörupappa, hæðin þiljuð, veggfóðruð og máluð. Innrétting, ein stofa, tvö svefnherbergi og eldhús, auk inngangs og forstofu. Stærð: 7,0 x 6,3 x 6,0 m.



Viðbygging, Einar Sigurðsson, 6/3 1949.

Íbúðarhús, kjallari úr steinsteypu, ein hæð, hlaðin úr R-steini. Skilrúm steipt. Þak úr timbri, pappa og járn. Loft, gólf og skilrúm úr timbri. Notað til íbúðar og geymslu. Stærð: 7,8 x 5,2 x 6,0 m.

Sigurður Sveinbjörnsson Hauganesi, vát tryggir hús í smíðum á staðnum frá 3. mars. Húsið er byggt úr timbri á steiptum grunni. Stærð: 6,9 x 6,3 x 4,2 m. Húsið er alklaett utan þak pappklaett og þiljað innan að nokkru leyti.

Hóll – des. 1953. Eigandi Sigurður Sveinbjörnsson. Íbúðarhús úr timbri, ein hæð og kjallari úr einfaldri steinsteypu. Múrhúðað utan með járnþaki. Hæðin þiljuð og klædd með masoníti, veggfóðruð og máluð, innrétting: ein stofa, tvö svefnherbergi og eldhús, auk inngangs og forstofu. Kjallari í fjórum hólfum, skipt með steinsteypuskilrúmum. Notaður til geymslu.

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1950 – 1973)

Hóll – jan. 1961. Eigandi Jóhann S Sigurðsson. Viðbygging við Hól. Ein hæð með risi á meters háum grunni snýr þvert við eldra húsinu. Veggir steiptir og einangraðir með plasti. Steipt gólf og skilrúm, loft úr gifsoníti þak timbur og pappi. Stærð 13,0 x 7,5 x 5,0 m.



Hóll II – Hinn 15. jan. 1961. Eigandi Hallfríður Sigurðardóttir. Endurmat á íbúðarhúsinu Hóll II. Vegna eigendaskipti (Jón Aðalsteinsson)

Stutt saga húss:

Fyrsti hluti Hóls (Hóll I) var byggður 1936 og það var Sigurður Sveinbjörnsson (1891-1963) bóndi og sjómaður frá Hillum sem gerði það. Íbúðarhús úr timbri, ein hæð á kjallara úr einfaldri steinsteypu. Veggir og þak klætt tjörupappa, hæðin þiljuð, veggfóðruð og máluð. Innrétting, ein stofa, tvö svefnherbergi og eldhús, auk inngangs og forstofu. Þarna bjó Sigurður ásamt konu sinni Svövu Kristjánsdóttur (1898-1958) til æviloka. Dóttir þeirra, Hallfríður Guðrún (1925-2005) og tengdasonur Einar Sigurðsson (1916-1995) byggir við Hól 1949. Íbúðarhús, kjallari úr steinsteypu, ein hæð, hlaðin úr R-steini. Skilrúm steipt. Þak úr timbri, pappa og járn. Loft, gólf og skilrúm úr timbri. Þau Einar og Hallfríður slitu samvistum og Einar flutti burt 1951. Hallfríður selur sinn hluta í Hóli Jóni Aðalsteinssyni (1943) árið 1961 og flytur í Svarfaðardal. Enn byggir Sigurður við Hól 1953. Íbúðarhús úr timbri, ein hæð og kjallari úr einfaldri steinsteypu. Múrhúðað utan með járnþaki. Hæðin þiljuð og klædd með masoníti, veggfóðruð og máluð. Innrétting: ein stofa, tvö svefnherbergi og eldhús, auk

inngangs og forstofu. Kjallari í fjórum hólfum, skipt með steinsteypuskilrúmum. Notaður til geymslu. Jóhann Sigurpáll (1922-1995) sonur þeirra Sigurðar og Svövu byggði enn við Hól 1961. Ein hæð með risi á meters háum grunni snýr þvert við eldra húsinu. Veggir steiptir og einangraðir með plasti. Steipt gólf og skilrúm, loft úr gipsoníti þak timbur og pappi. Jóhann og kona hans Jónína Björg Helgadóttir (1924-2014) bjuggu allan sinn búskap í Hóli og ólu þar upp sex barna hóp. Hanna Bjarney Valgarðsdóttir (1960) keypti Hól 1 1995 og bjó þar til 1999 þegar hún seldi núverandi eigendur þeim Ásgeiri Garðarssyni (1972) og Gerði Jóhannesdóttur (1974) húsið. Jón Aðalsteinn og kona hans Sigrún Lára Björnsdóttir (1954) bjuggu í Hóli 2 til 2000 þegar þau seldu Sigurbór Brynjari Sveinssyni (1972) sem Átti það í þrjú ár en Íbúðarlánasjóður eignast Hól 2 2003 en Sigríður Þóra Traustadóttir (1972) keypti 2004 en íbúðarlánasjóður eignast það aftur 2011. Núverandi eigendur eru bræðurnir Stefán og Ólafur Gunnarssynir og húsið er nýtt í ferðaþjónustu.



Athugasemd um húsið:

Hóll á Hauganesi hefur verið í stöðugri þróun allt frá upphafi. Byggt hefur verið við það minnst fjórum sinnum. Upphaflega var pappi á þakinu en eftir að var byggt við það 1949 var sett járn á allt þakið. Elsti hluti hússins er úr timbri og var upphaflega pappalagður en þegar annar hlutinn var byggður úr R-steini þá var eldra húsið múrhúðað. Eftir að núverandi eigendur tóku við húsinu hefur það verið tekið í gegn, klætt utan með harðtex-plötuklæðningu. Skipt var um alla glugga og þeim breytt þannig að áður voru gluggar á hæð með tveimur standandi póstum og einum liggjandi sem skiptu glugganum í þrjú jafnstór hólf að neðan og þrjú minni að ofan. Í staðinn voru settir gluggar með einum standandi pósti sem skipti glugganum í tvö hólf og annað mjórra og var því skipt með einum liggjandi pósti sem skipti því hólfu í tvennt og stærra hólf að neðan með lausu fagi. Gluggar í kjallara eru að mestu eins og fyrir voru.



Athugasemd um umhverfi húss:

Hóli fylgir 1044,2 m² lóð í eigu dalvíkurbyggðar. Smá garður er sunnanvið húsið með lágvöxnum skjólrunnum. Engin girðing er í kringum lóðina og er lóðin lítið ræktuð.

| Eigenda og íbúaskrá | | |
|--|---|---|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| Hól 1 (<i>syðri</i>) 1936-1963 -1958 | Sigurður Sveinbjörnsson Svava Kristjánsdóttir | Jóhann Sigurpáll (1922)1995 Hallfríður Guðrún (1925) |
| 1936-1948 | Magnús Ágúst Sveinbjörnsson Guðrún Helga Hallgrímsdóttir | (bróðir Sigurðar) (móðir Svövu) |

| | | |
|--|---|---|
| 1950-1995 | Jóhann Sigurpáll Sigurðsson Jónína Björg Helgadóttir | Magnús Sveinn (1950) Svava Björg (1951) Aðalheiður Helga (1956) Sæunn Sigríður (1958) Bergþóra (1963) Kristín Sigurb. (1967) |
| 1952-1959 | Svanbjörg Árnadóttir (<i>ekkja, v.r.k.</i>) (<i>Sigurður Anton Jóhannsson 1902-1931</i>) | Sigríður Antonía (1931) |
| 1952-1959 | Sigríður Antonía Lilja Antonsdóttir | |
| 1961-1963 | Örn Sigurðsson Rósa Jóhannsdóttir | |
| 1965-1975? | Stefán Hermannsson Selma Jóhannsdóttir | Hermann Rúnar (1962) Hanna Fríður (1964) |
| 1995-1999 | Hanna Bjarney Valgarðsdóttir | Berglind Ósk Óðinsdóttir (1980) Hólmar Hákon Óðinsson (1982) Jakob Valgarð Óðinsson (1988) Kristín Ragnheiður Óðinsd. (1990) |
| 1999 og enn | Ásgeir Eypór Garðarsson Gerða Jóhannesdóttir | Rúnar Smári (1998) Dagný (2000) Sindri (2005) |
| Hóll 2 (<i>nyrðri</i>) 1946-1951 -1961 | Einar Stefán Sigurðsson Hallfríður Guðrún Sigurðardóttir | Sigurður (1946) |
| 1965-1970? | Sigurður Einarsson | |
| 1961-2000 | Jón Aðalsteinsson Sigrún Lára Björnsdóttir | Hanna Berglind (1972) Baldur Viðar (1974) Björgvin Smári (1980) |
| 2000-2003 | Sigurþór Brynjar Sveinsson | |
| 2003-2004 | Íbúðalánasjóður | |
| 2004-2011 | Sigríður Þóra Traustadóttir | Jón Óli Sigurbergsson (2000) Árni Björn Sigurbergsson (2002) |
| 2011-2012 | Íbúðalánasjóður | |
| 2012 og enn | Ólafur Gunnarsson Stefán Gunnarsson | |

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Steinnes – 26. Apríl 1934. Eigandi Sveinbjörn Jóhannsson. A: Steinhús. Íbúðarhús úr einfaldri steinsteypu, þiljað innan og pappalagt og veggfóðrað. Ein stofa, eldhús og geymsla. Ein hæð og lítið ris. Gluggar og dyr í minna meðallagi. Stærð: 7,7 x 4,2 x 3,5 m. B: Viðbygging við austurhlíð íbúðarhússins, ein hæð úr einfaldri steinsteypu með skúrþaki úr timbri, pappa og bárujárni. Innrétting, forstofa í miðju og sitt svefnherbergi til hvorrar handar. Alþiljað innan, veggfóðrað og málað. Stærð: 7,7 x 3,0 x 2,7 m.



(Fellur niður 15/10 1949) Ný virðing.

Íbúðarhús úr einfaldri steinsteypu ein hæð á kjallara. Hæðin þiljuð og stoppuð og múrhúðuð yfir. Í kjallara er þvottahús og geymsla. Á hæðinni er forstofa, eldhús, stofa og 3 svefnherbergi. Stærð: 7,7 x 7,3 x 6,0 m.

12. 1949 Ný bygging váttryggð sem hús í smíðum)

Fasteignamat 1940

Eigandi og ábúandi Sveinbjörn Jóhannsson. Tún 2,6 ha. Jarðvegur allgóður. Töðufall 5 síðustu ára um 12 hestburðir. Áhöfn 1 kýr og 8 kindur. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1929 úr steinsteypu með járnpaki. Ein hæð. Stofa, eldhús og geymsla. Stærð: 7,7 x 4,2 x 3,0 m. Viðbygging 1935. Ein hæð steinsteypt. Tvö herbergi, forstofa járnpak. Ekki vandað. Stærð: 7,7 x 3,0 x 2,5 m. Fjárhús fyrir 18 kindur úr torfi og timburstafn.

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1950 – 1973)

Steinnes – febr. 1958. Eigandi Sveinbjörn Jóhannsson. Beitningarskúr úr timbri og asbesti með trégólfi, þak járnlætt. Stærð: 6,0 x 3,5 x 2,5 m. Saltfiskskúr úr timbri og asbesti með steingólfi og járnpaki. Stærð: 8,0 x 8,0 x 2,5 m.

Stutt saga húss:

Húsið Steinnes byggðu hjónin Jóhann Kristjánsson og Þorgerður Sveinbjörnsdóttir 1929 úr einfaldri steinsteypu, þiljað innan og pappalagt og veggfóðrað. Ein stofa, eldhús og geymsla. Ein hæð og lítið ris. Gluggar og dyr í minn meðallagi. Árið 1935 byggði sonur þeirra Sveinbjörn, sem þá var orðinn eigandi hússins ásamt konu sinni Kristínu Jóhannsdóttur, viðbyggingu við austurhlíð íbúðarhússins, ein hæð úr einfaldri steinsteypu með skúrþaki úr timbri, pappa og bárujárni. Innrétting, forstofa í miðju og sitt svefnherbergi til hvorrar handar. Alþiljað innan, veggfóðrað og málað. Árið 1949 en enn hafist handa og nú er húsið að mestu rífið til grunna, grafið út úr sökklinum og nýtt hús reist á grunninum. Íbúðarhús úr einfaldri steinsteypu ein hæð á kjallara. Valmaþak úr timbri, pappa og járnlætt. Hæðin þiljuð og stoppuð og múrhúðuð yfir. Milligólf úr timbri en gólf í kjallara steinsteypt, sumstaðar mjög þunnt bara nokkurskonar þrifalag. Í kjallara, þvottahús og geymsla. Á hæðinni, forstofa, eldhús, stofa og 3 svefnherbergi. Þau Sveinbjörn og Kristín bjuggu í Steinnesi alla sinn búskap eða þar til þau fluttu á Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík árið 1998. Síðan þá hafa börn þeirra átt húsið og nota það sem frístundahús.

Athugasemd um húsið:

Húsið Steinnes hefur verið óbreytt frá 1949 en því hefur verið vel við haldið. 1991 gékk mikið rok yfir norðurland sem kallað hefur verið Lindurokið vegna þess að í því f auk þakið af sælgætisgerð Lindu á Akureyri. Í þessu roki f auk þakið að Steinnesi og var það endurnýjað og einangrað upp á nýtt við það tækifæri og skipt um mestallt járnið. Eftir að börn Sveinbjörns og Kristínar eignuðust húsið hafa verið gerðar miklar breytingar innanhúss og einnig var skipt um alla glugga en útlit þeirra látið halda sér.

Athugasemd um umhverfi húss:

Stærð lóðar er samkvæmt Fasteignaskrá Íslanda 10.750,0 m². Umhverfis lóðina hefur verið plantað skjólgirði. Framan við húsið er hellulögð stétt eða plan. Þaðan er bæði inngangur inn í kjallara og útitröppur á hæðina. Við norður og vesturmörk plansins er girðing úr járni. Sunnan við húsið er timbur sólþallur og í framhaldi af honum er hellulagður þallur með heitum potti. Umhverfis þallana er timburskjólgrind á þrjá vegu.



| Eigenda og íbúaskrá | | |
|------------------------|---|---|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1927-1963 -1936 | Jóhann Kristjánsson Þorgerður Sveinbjörnsdóttir | Einar Steinmann (1910) Sveinbjörn (1914) |
| 1927-1998 | Sveinbjörn Jóhannsson Kristín Sigurbjörg Jóhannsdóttir | Þorgerður Jóhanna (1937) Hanna Björg (1940) Eisteinn Birgir (1945) Gunnþór Eyfjörð (1948) Jónína (1959) |
| 1927-1950 | Einar Steinmann Jóhannsson (<i>br. Sveinbj</i>) | (<i>Bjó á Einarstöður í Glæsibhr. 1955-67</i>) |
| 1927-1955 1954-1968 | Jóhann Sigurður Jónsson (<i>lausam.</i>) Malín Þorsteinsdóttir (<i>ekkjja</i>) | (<i>Bjuggu saman öðru hvoru</i>) |
| 1952-1958 | Þorgerður Sveinbjarnardóttir | Helga G. Hjörleifsdóttir (1954) Sveinbjörn Hjörleifsson (1956) |
| 1998 og enn | Þorgerður Sveinbjarnardóttir Hanna Björg Sveinbjörnsdóttir Birgir Sveinbjörnsson Gunnþór E Sveinbjörnsson Jónína Sveinbjörnsdóttir | |

Nesvegur 2, Gilsbakki (H) 1950, einbýli fastanr. 2156771 landnr. 152269 179,6 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Gilsbakki – apríl 1934. Eigandi Þorvaldur Þorvaldsson. Torfbær.

Gilsbakki, hús byggt á Haukanesi. Metið 15/1 1951. Eigandi Kristján Þorvaldsson. Íbúðarhús, ein hæð hlaðin úr R-steini á steiptum kjallara. Á hæðinni eru 4 herbergi, bað og eldhús, auk forstofu og gangs. Kjallari er í 6 hólfum auk inngangs, notað til geymslu. Stærð: 10,3 x 7,8 x 6,4 m. Veggir úr R-steini, þak úr timbri og pappa. Notað til íbúðar og geymslu. Upphitun, kolakynnt miðstöð. Til ljósa er notuð steinolía. Fjarlægð til næsta húss er 35 – 40 m.



Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1950 – 1973)

Gilsbakki – jan. 1951. Eigandi Kristján Þorvaldsson. Ein hæð, hlaðin úr R-steini á steinsteiptum kjallara. Þak úr timbri, pappa og járni, skilrúm úr steypu og loft úr timbri. Á hæðinni eru fjögur herbergi, bað og eldhús auk forstofu og gangs. Kjallari er í sex hólfum, auk inngangs. Notaður til geymslu. Stærð 10,3 x 7,8 x 6,4 m.

Stutt saga húss:

„Á Hreggvíkurbakka stóð býlið Gilsbakki um þriggja áratuga skeið“ segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Kristján Þorvaldsson (1912-1991) frá Gilsbakka byggði sér einbýlishús 1949 á Haukanesi og nefndi það Gilsbakka, eftir smábýlinu sem þá var farið í eyði. Húsið er ein hæð, hlaðin úr R-steini á steinsteiptum kjallara. Hæðin einangruð með vikri. Þak úr timbri, pappa og járni, skilrúm úr steypu og loft úr timbri. Á hæðinni eru fjögur herbergi, bað og eldhús auk forstofu og gangs. Kjallari er í sex hólfum, auk inngangs. Í þessu húsi bjó Kristján ásamt konu sinni Þórey Jónsdóttur (1927-2008) til æviloka en Þórey bjó áfram í húsinu til 2005 en flutti þá á Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík. Helmingur kjallarans var óupphitaður og þar voru geymslur og smíðaherbergi. Í hinum helmingi kjallarans var lítil stúdíóíbúð og þar leigðu margir sína fyrstu íbúð meðan þeir voru að koma undir sig fótunum, eða að byggja sína eigin íbúð. Núverandi eigendur hússins eru Þorvaldur Eyfjörð (1971), sonur Kristjáns og Þóreyjar og kona hans Helena Frímansdóttir (1971).



Athugasemd um húsið:

Húsinu hefur verið ákaflega vel viðhaldið. Fljótlega eftir að smíði hússins var kláruð var sett bárujárn á þakið. Húsið stóð fyrstu árin ópússað og ómálað. Laust fyrir 1960 var tekið



til við að setja steiningu utan á húsið, hvarts-mulning sem límt var utan á veggina með sementslími. Það voru þei bræður Árni og Kristinn Guðlaugssynin frá Dalvík sem unnu verkið. Búið er að skipta um alla glugga í húsinu. Fyrst var skipt um glugga á efri hæðinni sennilega 1988. Þeim gluggum var lítillega breytt. Í kringum 1975 var farið í viðgerðir á þaki, sperrur voru styrktar og bætt við einangrun. Skipt var um timburklæðningu og pappa og hluta af járn. Upphaflega voru ekki þakrennur á húsinu, en eftir að Þorvaldur eignaðist það gekk hann fljótlega í að setja þakrennur og dreina í kringum allt húsið. Við það tækifæri var sett sökkuleinangrun á útvegginn.



Athugasemd um umhverfi húss:

Gilsbakka fylgir 500,0 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Austan við húsið eru bílastæði. Garðurinn er afgirtur með röragrindum að norðan og austan en við götulínu eru steiptir staurar á lágum steiptum vegg og milli stauranna er röragrindverk. Framan við húsið er vel snyrtur trjágróður og gangstétt liggur frá götu að útitröppum. Lítið garðhýsi er í garðinum norðan við húsið.

| Eigenda og íbúaskrá | | |
|----------------------------|--|--|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1950-1993 1956-2005 | Kristján Þorvaldsson Þórey Jónsdóttir | Margrét S (1956) Jón Stefán (1958) Kolbrún (1963) Dagmar (1967) Þorvaldur E (1971) |
| 1950-1965 | Soffía Sigfúsdóttir (<i>ekkja</i>) | |
| 1951-1961 | Þorvaldur Þorvaldsson Baldvinsson | |
| 1956-1959 | Jóhann Valdimar Kjartansson Kristín R Jakobsdóttir | Baldvina G (1954) Sigfríð Ósk (1956) Óskar Óðinn (1959) |
| 1958-1959 1958-1959 | Jakob Ágústsson Sigfús Hilmar Árnason | |
| 1960-1962 -1961 | Svanbjörg Árnadóttir Antonía Lilja Antonsdóttir | Sigr. Antonía Lilja Antonsdóttir (1931) |
| 1977-1978 | Haukur Bergmann Gunnarsson | |
| 2005 og enn | Þorvaldur Eyfjörð Kristjánsson Helena Ragna Frímansdóttir | Júlía Ýr (1995) Kristján (1999) Eypór (2008) |

Aðalbraut 1, Hólanes (Á) 1932, Íbúðarhús.

Fastanr. 2156710

landnr. 152232 150,6 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Hólanes – sept. 1934.

Eigendur Sigurvin Edilonsson og Marinó Sölvason. A: Íbúðarhús, tvær hæðir, neðri hæðin úr einfaldri steinsteypu á steiptum grunni. Innrétting, tvær stofur, eldhús, svefnherbergi, símstofa og skrifstofa, allt klætt innan með þilvið og masaniti, strigalagt og veggfóðrað. Efri hæð úr timbri, klædd að innan með sama efni. Innrétting á efri hæð eru þrjár stofur, svefnherbergi. Eldhús og búr. Stærð hússins: 8,8 x 7,5 x 6,5 m. Sunnan við húsið er forstofa úr samskonar efni. Stærð: 3,0 x 3,0 x 5,0 m. Vatnsleiðsla er á efri og neðrihæð hússins. Viðbótarvirðing 1942 vegna múrhúðunar efri hæðar.



Fasteignamat 1940

Eigandi og ábúandi Sigurvin Edilonsson og Marinó Sölvason. Tún 1,6 ha. Harðlent. Töðufall 5 síðustu ára um 20 hestburðir. Áhöfn 1 kýr og 16 kindur. Fólk og hestafli við heyskap er 1/2 karl, 1/2 kona. 8 mans í heimili Húsakostur, íbúðarhús byggð 1934, tvær hæðir án kjallara. Neðrihæð steinsteypt, efri hæð timbur, járnþak. Stærð: 8,8 x 7,5 x 6,5 m. Neðri hæð 5 herbergi og eldhús. Efrihæð 4 herbergi, eldhús og búr. Tvær miðstöðvareldavélar. Viðbygging, forstofa úr steinsteypu og timbri. Stærð 3,0 x 3,0 x 5,0 m. Fjós fyrir 2 kýr, steipt með torfþaki. Fjárhús fyrir 30 kindur úr torfi. Hlaða 12 m³ úr torfi.

Af íslendingabok.is

Kristinn Sigurvin Edilonsson (27.7.1877-29.6.1953) var í Niðribæ, Flateyjarsókn, Þing. 1880.

Flutti á Litla-Árskógssand um 1920. Hann var verkamaður og bjó í Sigurvinshúsi, Stærra-Árskógssókn, seinna kennari og kendi m.a. í gamla Norskahúsinu sem var byggð af Norskun hvalveiðimönnum fyrir aldamótin 1900. Norska húsið var lengi samkomuhús Árskógstrendinga. Kona Kristinns var Kristjana Sigríður Ingibjörg Salómons dóttir (24.4.1877 -) niðursetningur á Hellu, Stærra-Árskógssókn, um 1880. var í Hinriksmýri um 1890. Og hjú á Akureyri 1901.



Húsfreyja í Sigurvinshúsi á Litla-Árskógssandi, 1910 til 1932. Húsfreyja í Hólanesi Árskógshreppi frá 1932 til dauðadags. Fóstursonur þeirra var Kristján Marinó Sölvason, (24.6.1905-1943) útgerðarmaður á Litla-Árskógssandi á Árskógsströnd. Kona hans var Vilborg Gísladóttir, (23.7.1911–19.8.1967). Húsfreyja í Sigurvinshúsum, Stærra-Árskógssókn um 1930. Síðast búsett í Hólanesi Árskógshreppi.

Stutt saga húss:

Sigurvin Edilonsson byggði Hólanes 1932 ásamt Kristjáni Marinó Sölvasyni fóstursyni sínum. Íbúðarhús á tveimur hæðum, neðri hæðin úr einfaldri steinsteypu á steiptum grunni. Innrétting, tvær stofur, eldhús, svefnherbergi, símstofa og skrifstofa, allt klætt innan með þilvið og masaniti, strigalagt og veggfóðrað. Efri hæð úr timbri, klædd að innan með sama efni. Innrétting á efri hæð eru þrjár stofur, svefnherbergi, eldhús og búr. Stærð hússins: 8,8 x 7,5 x 6,5 m. Sunnan við húsið er forstofa úr samskonar efni. Stærð: 3,0 x 3,0 x 5,0 m. Vatnsleiðsla er á báðum hæðum hússins. Sigurvin var kennari einnig póstmaður og var með pósthirðingu á Hólanest og þar ver einnig símstöð um margra ára skeið. Sigurvin var umboðsmaður Brunabótafélags Íslands. Kristján Marinó var útgerðarmaður á Litla-Árskógssandi en lést löngu fyrir aldur fram, aðeins 38 ára að aldri. Kona hans var Vilborg Gísladóttir. Hún bjó áfram í Hólanesi eftir dauða mans síns til dauðadags 1967. Eftir að Vilborg fellur frá eignaðist Gýgja dóttir hennar húsið og á það til 1983 þegar hún flytur burt og Árskógsstrandarhreppur eignast húsið og á það í 15 ár og á því tímabili býr einginn í húsinu. 1998 kaupir Jónas Óskarsson Hólanes og býr þar ásamt konu sinni Lovísu Ósk Skarphéðinsdóttur í þrjú ár en selja þá Valgerði Kristjánsdóttur sem bjó þar næstu fjörur árin, til 2005. Íbúðarlánasjóður eignaðist húsið 2004. Núverandi eigendur Hólaness eru Birgir Eyfjörð Torfason og Karen Lind Árnadóttir.



Athugasemd um húsið:

Árið 1942 var efrihæð hússins múrhúðuð eða forskölluð. Á árunum milli 1970 og 80 var ráðist í að klæða húsið að utan með timbri, bæði efri og neðrihæð. Skipt hefur verið um alla glugga í húsinu og þeim breytt þannig að þar sem áður voru gluggar með krosspósti eru nú gluggar með einum liggjandi pósti sem skiptir honum í tvö hólf, stærra að neðan og í efrahólfi er laust fag. Tveir skrautlegir gluggar sem eru á útbyggingu, hólfaðir niður með ferningum og tigli hafa verið endurnýjaðir en látnir halda útliti sínu. Búið er að endurnýja allt járn á þaki, í stað bárujárns hefur verið sett svartlitað járn sem er þakflísa eftirlíking. Settar hafa verið þakrennur sem ekki voru áður.



Athugasemd um umhverfi húss:

Hólanesi fylgir 761,8 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Lóðin er ógirt og engin tré á hanni. Lítil timburpallur er sunnan og vestan húss. Gangstétt er að húsinu frá götu, lögð fjörusteinum og römmuð inn með rekavið.

Eigenda og íbúaskrá

| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
|--------------------|---|---|
| 1932-1941 | Edilon Sigurðsson Ingibjörg Guðlaugsdóttir (<i>seinni kona</i>) | |
| 1932-1953 | Kristinn Sigurvin Edilonsso Kristjana Salómonsdoóttir | Kristján Marinó (1905) fóstursonur |
| 1932-1943 -1976 | Kristján Marinó Sölvason Valborg Gísladóóttir | Guðrún Lovísa (1930) Gígja Þórleif (1933) Þóra Guðrún (1935) |
| 1952-1953 | Guðrún Lovísa Marinósdóóttir | Sigurvina Kristjana (1953) |
| 1976-1983 | Gígja Þórleif Marinósdóóttir | Vilborg Hörn Mar Jónsd. (1967) |
| 1984-1998 | Árskógshreppur | |
| 1998-2001 | Jónas Óskarsson Lovísa Ósk Skarphéðinsdoóttir | Skarphéðinn Óskar (1984) Halldór (1988) Jóhanna Ósk (1990) |
| 2001-2005 | Valgerður Ásta Kristjánsoóóttir (<i>Sigurgeir Halldórsson: 1955-2001</i>) | Halldór Fannar Kristjánsson (1986) Kristján Ragnar Kristjánsson (1987) Þórólfur S Kristjánsson (1989) Ágúst Páll Kristjánsson (1991) Erling Óskar Kristjánsson (1992) |
| 2004-2005 | Íbúðarlánasjóður | |
| 2005-2008 | Birgir Eyfjörð Torfason Júlía Skarphéðinsdoóóttir | |
| 2008-2015 | Akira Omori Susanna Kristiina Omori | Taro Omori (2007) |
| 2015 og enn | Kristján Freyr Pétursson Karen Lind Árnadóóóttir | |

Aðalbraut 2, Svalbarð (áður Ásmundarhús) (Á) 1937, fastanr. 2156729 landnr. 152241
171,0 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Svalbarð – febr. 1939. Eigandi Ásmundur Sigfússon og seinna Jóhann Ásmundsson. Íbúðarhús úr einfaldri steinsteypu, tvær hæðir með lágu risi. Þiljað innan, strigalagt og veggfóðrað og málað. Neðri hæð stofa, eldhús, vinnustofa, geymslustofa, ketilgeymsla, kolageymsla og bað, tvennar dyr, með gangi á milli, eftir endilöngu húsinu. Efri hæð, gangur, tvær stofur og fimm svefnherbergi og eldhús. Stærð: 10,5 x 8,25 x 6,0 m.



Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi Ásmundur Sigfússon. Tún 1,3 ha. Sumt óræktað. Harðlent. Töðufall 5 síðustu ára um 24 hestburðir. Áhöfn 2 kýr og 14 kindur. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1938 úr steinsteypu, tvær hæðir með lágu risi. Miðstöð. Innanþiljað, strigalagt. járnþak. Stærð: 10,5 x 8,25 x 5,0 m. Fjós fyrir 2 kýr, úr torfi og grjóti. Fjárhús fyrir 24 kindur úr torfi og grjóti. Hlaða 30 m³ úr torfi og grjóti.



Stutt saga húss:

Ásmundur Jóhannes Sigfússon (1884-1940) sjómaður og útvegsmaður og kona hans Guðrúnu Jónsdóttur (1879-1959) byggðu sér íbúðarhús á Litla-Árskógssandi, sem þau nefndu Svalbarð. Íbúðarhús úr einfaldri steinsteypu, tvær hæðir með lágu risi og valmapaki. Þiljað innan, strigalagt og veggfóðrað og málað. Neðri hæð stofa, eldhús, vinnustofa, geymslustofa, ketilgeymsla, kolageymsla, bað. tvennar dyr, með gangi á milli, eftir endilöngu húsinu. Efri hæð, gangur, tvær stofur og fimm svefnherbergi og eldhús. Ásmundur og Guðrún bjuggu í Svalbarði til æviloka, en Ármundur varð ekki gamall því hann dó 1940 þá 56 ára gamall. Sonur þeirra Jóhann Ásgrímur (1915-1970) eignaðist Svalbarð 1942 og bjó þar ásamt konu sinni Helgu Steinunni Jónsdóttur (1921) til 1964 en þá fluttu þau til Hríseyjar en Jóhann lést 1970 þá aðeins 55 ára gamall en Helga lifir enn í hárrí elli. Árið 1969 keyptu bræðurnir Hörður (1942) og Rafn (1944) synir Gunnars og Gunnhildar frá Ártúni, Svalbarð. Hörður og kona hans Kristín Jenný Tveiten (1943) neðrihæð og Rafn og kona hans Bryndís Friðriksdóttir þá efri. Árið 1977 keypti svo Rafn neðrihæðina af Herði sem byggði sér nýtt hús þar skammt frá. Rafn og Bryndís áttu Svalbarð til 2003 en selja þá Haraldi Ólafssyni og Eydísi Gunnlaugsdóttur sem eiga það til 2007 þegar Agnar Geirfinnsson og Hafdís Njálisdóttir kaupa. Þau selja Ingu Rut Pétursdóttur Svalbarð sem bjó þar ásamt manni sínum Einari Þorsteini Pálssyni til 2015. Núverandi eigandi af Svalbarði er Bakkahlíð ehf.

Athugasemd um húsið:

Þegar Rafn og Hörður keyptu Svalbarð rétt um 1970 létu þeir gera miklar endurbætur á húsinu. Gerðar eru góðar íbúðir á báðum hæðum, skipt var um alla glugga en þeim ekki breytt neitt. Eftir

1980 var farið í að lagfæra þak, það einangrað betur og skipt um járn. Við það tækifæri var reykháfur fjarlægður. Settar voru svalir sunnan á húsið

Athugasemd um umhverfi húss:

Svalbarð stendur á 6.555,0 m². Lóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Í kringum lóðina er myndarleg timbur skjólgirðing. Sunnan hússins er timbur sólpallur sem heitum potti og skjólveggjum á þrjá vegu. Garðhýsi er við sólpallinn vestan við húsið.

| Eigenda og íbúaskrá | | |
|----------------------------|--|--|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1937-1940 -1959 | Ásmundur Jóhannes Sigfússon Guðrún Jónsdóttir | Baldvin (1911) Jóhann Ásgrímur (1915) Þorvaldur (1920) |
| 1937-1950 | Sigurpáll Jónsson (v.m.) | |
| 1937-194? | Baldvin Ásmundsson Snjólaug Ólafsdóttir | |
| 1937-1941? | Laufey Hermannsdóttir (vinnukona) | |
| 1942-1964 | Jóhann Ásgrímur Ásmundsson Helga Steinunn Jónsdóttir | Ásmundur (1942) Elísabet (1942) Jóna (1958) |
| 1948-1950 | Þorvaldur Baldvin Gunnlaugsson | <i>(leijandi)</i> |
| 1963-1966 | Þorbjörn Ástvaldur Jónsson Elísabet Jóhannsdóttir | Óskar (1962) Jónína Sig (1963) Helga St (1963) Ingvar (1964) |
| 1969-1977 | Hörður Gunnarsson Kristín Jenný Tveiten | Anton Þór (1961) Áslaug Hildur (1965) Daglbjört Brynja (1971) |
| 1969-2003 | Rafn Gunnarsson Bryndís Friðriksdóttir | Valdís Erla Eiríksdóttir (1964) Hafdís Björk (1967) Gunnar (1969) Þorsteinn Fr (1971) |
| 1983- | Hafdís Björk Rafnsdóttir | Brindís Ósk Gísladóttir (1984) |
| 2003-2007 | Eydís Hrönn Gunnlaugsdóttir Haraldur Ólafsson | |
| 2007-2009 | Agnar Ástmar Geirfinnsson Hafdís Njálsdóttir | Gunnar Njáll Gunnarsson (1984) Guðni Már Gunnarsson (1988) Arnór Daði Gunnarsson (1994) |
| 2004-2009 | Gunnar Njáll Gunnarsson | |

2009-2015

Inga Rut Pétursdóttir
Einar Þorsteinn Pálsson

Júlía Efemía Felixdóttir (2004)
Eyvör Elfa (2009)

2015-2015

Duggulág ehf

2015 og enn

Bakkahlíð ehf

Aðalbraut 3, Pálmalundur (Á) 1948, einbýli fastanr. 2156719

landnr. 152237 215,0 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1950 – 1973)

Pálmalundur – okt. 1955. Eigandi Vigfús Kristjánsson. Íbúðarhús, ein hæð á kjallara, hátt ris. Veggir úr einfaldri steinsteypu, klæddir innan með asbesti og valborðum. Skilrúm úr steinsteypu og albesti. Á hæðinni eru fjögur herbergi, eldhús og snyrting auk inngangs og forstofu. Á rishæðinni er rúmgott kvistherbergi og fjögur önnur herbergi. Kjallaranum er skipt við steinskilrúmu, notaður til geymslu. Stærð: 10,0 x 8,0 x 9,0 m.



Stutt saga húss:

Það er Vigfús Kristjánsson (1889-1961), smiður og útvegsbóndi, áður á Grund í Þorvaldsdal en svo í Litla-Árskógi, sem byggir Pálmalund yfir útgerðina. Íbúðarhús, ein hæð á kjallara, hátt ris. Veggir úr einfaldri steinsteypu, klæddir innan með asbesti og valborðum. Skilrúm úr steinsteypu og albesti. Á hæðinni eru fjögur herbergi, eldhús og snyrting auk inngangs og forstofu. Á rishæðinni er rúmgott kvistherbergi og fjögur önnur herbergi. Kjallaranum er skipt við steinskilrúmu, notaður til geymslu. Það var Vigfús sjálfur sem var byggingarmeistarinn og trúlega hefur Jónar Franklín bróðir hans teiknað það. Þetta voru íbúðir þeirra þá sem voru á bátnum Pálma. Þarna hafði hann ráðskonur sem sáu um rekstur hússins. Núverandi eigandi er Hermann Guðmundsson (1940) og kona hans Margrét Arnþórsdóttir (1938)



Athugasemd um húsið:

Eftir að Hermann eignaðist húsið hefur hann tekið það algjörlega í gegn. Byggður var nýr forstofuinngangur vestan á húsið og eru svalir ofan á honum, byggður var bílskúr norðanvið húsið 2002. Skipt var um alla glugga á húsinu.

Athugasemd um umhverfi húss:

Pálmalundur stendur á 840,0 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Steypt grindverk er kringum lóðina að sunnan, vestan og norðan.

| Eigenda og íbúaskrá | | |
|----------------------------|---|-------------|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1948- | Vigfús Kristjánsson Alfreð Konráðsson Valdís Þorsteinsdóttir | |

1964-1968

Hörður Gunnarsson
Kristín Jenný Tveiten

Antor Þór (1961)
Áslaug Hildur (1965)

1964 og enn

Hermann Guðmundsson
Margrét Ágústa Arnþórsdóttir

Guðmundur A (1962)
Arnþór Elvar (1964)
Heimir (1965)
Jónína Hafdís (1967)

Aðalbraut 8, Sandgerði (áður Gíslabær, Nýibær) (Á) 1942,

Einbýli fastanr. 2156720 landnr. 152238 159,1 m²
1942, bílskúr 35,3 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Sandgerði – mars 1943. Eigandi Benidikt Sæmundsson og seinna Sæmundur Benidiktsson.

Íbúðarhús, ein hæð á kjallara með risi. Einföld steinsteypa. Hæðin öll við þiljaða útveggi og einangruð með tróði. Skilrúm flest úr steini. Kjallarinn er í fjórum hólfum, notaður til geymslu. Á hæðinni er forstofa, eldhús, stofa og tvö svefnherbergi. Stærð: 7,8 x 7,0 x 6,0 m.



Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1950 – 1973)

Sandgerði – mars 1957. Eigandi Þorsteinn

Marínósson. Íbúðarhús, ein hæð á kjallara, byggt úr einfaldri steinsteypu. Þak úr timbri, pappa og asbesti. Hæðin klædd innan með þilplötum og stoppuð. Á hæðinni eru þrjú herbergi og eldhús, auk inngangs og forstofu. Kjallarinn notaður til íbúðar og geymslu. Stærð: 7,8 x 7,0 x 6,0 m.

Stutt saga húss:

Það voru feðgarnir Benidikt Sæmundsson (1882-1956) og Sæmundur (1912-1994) sonur hans sem byggðu Sandgerði 1942. Þá hafði Benidikt byggt tveim árum áður húsið í Árgerði enda smiður góður. Sandgerði er einnar hæðar á kjallara, byggt úr einfaldri steinsteypu. Þak úr timbri, pappa og asbesti. Hæðin klædd innan með þilplötum og stoppuð. Á hæðinni eru þrjú herbergi og eldhús, auk inngangs og forstofu. Kjallarinn notaður til íbúðar og geymslu. Sæmundur og kona hans Anna Margrét



(1913-1973) bjuggu í húsinu með sinn sjö barna hóp til 1957 en þá keypti Þorsteinn Marínósson (1934) og kona hans Fjóra Jóhannsdóttir (1937-1990) Sandgerði. Þorsteinn gerði miklar endurbætur á húsinu innanhúss meðan hann átti það Hann byggði sér nýtt hús úr landi Engihlíðar 1963 sem hann nefndi Hlíðarbæ, og flutti þangað með fjölskyldu sína 1964 og selur Svavari Guðmundssyni (1941-1987) bróðursyni Sæmundar Benidiktssonar Sandgerði. Svavar og kona hans Kolbrún Hilmisdóttir (1943) bjuggu í Sandgerði. með sín sex börn þegar hann féll frá 1987 og Kolbrún seldi núverandi eigendum, Reyni Gísla Hjaltasyni (1953) og Helgu Ólöfu Finnbogadóttur (1953) húsið.



Athugasemd um húsið:

Reynir Gísli hefur látið ger húsið upp að miklu

leiti. Byggt var norðanvið það 70,0 m² viðbygging 2005. Þar er bílgeymsla á jarðhæð og viðbót við íbúðina þar ofaná. Skipt var um þak og því breitt í valmaþak og reykháfur fjarlægður. Skipt var um alla grugga. Húsið var einangrað með 3ja tommu plasteinangrun og dregið upp á með múr. Byggingarmeistarinn var Bjarni Hjaltason, bróðir Reynis Gísla. Teikningar af viðbyggingu og endurbótum voru unnar á Teiknistofu Hauks Haraldssonar sf.

Athugasemd um umhverfi húss:

Sandgerði fylgir 868,8 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Lágur steiptur veggur er við lóðarmörð út við götu. Skjólgríði er annarstaðar á lóðarmörkum og hávaxin greni- birkitré eru í garðinum. Sólþallur er sunnanvið húsið og um hann er timbur skjólveggur.

| Eigenda og íbúaskrá | | |
|----------------------------|---|--|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1942- | Benidikt Sæmundsson | Sæmundur (1912) |
| 1942-1957 | Sæmundur Benidiktsson Anna Margrét María Pétursdóttir | Jón Eyfjörð (1933) Kristjana (1934) Benedikt (1937) Sigurrós (1938) Pétur Guðbjörn (1939) Fanney (1945) Hallbjörn (1947) |
| 1945-1949? | Borghildur Pétursdóttir | |
| 1955-1957 | Kristjana Sæmundsdóttir | Sæmundur Gíslason (1956) ?? Guðmundsdóttir (1957) |
| 1958-1964 | Þorsteinn Marinósson Fjóla Jóhannsdóttir | Sigrún Jóhanna (1957) Marinó Steinn (1958) Ingibjörg (1961) Svanlaugur (1963) |
| 1964-1978 | Svavar Guðmundsson Kolbrún Jóna Hilmisdóttir | Þórhildur B (1963) Garðar (1964) Brynja Dýrleif (1966) Hilmir (1970) Halldór Vilhelm (1973) Laufey Hallfríður (1974) |
| 1978 og enn | Reynir Gísli Hjaltason Helga Ólöf Finnbogadóttir | Hannes Ellert (1988) |

| | | | | |
|--------------------|---------------|------------------|----------------|----------------------|
| Árgerði (Á) | 1940, einbýli | fastanr. 2156699 | landnr. 152225 | 105,6 m ² |
| | 1940, geymsla | fastanr. 2156701 | landnr. 152225 | 44,1 m ² |

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Árgerði – des. 1941. Eigandi Benidikt Sæmundsson. Íbúðarhús hlaðið úr R-steini. Kjallari, ein hæð með risi. Í kjallara þvottahús og geymslur. Á hæðinni þrjú herbergi, eldhús og forstofa. Stærð: 7,0 x 6,2 x 6,0 m.

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1950 – 1973)

Árgerði – mars 1957. Eigandi Guðm. Benidiktsson. Íbúðarhús ein hæð og kjallari. Kjallarinn úr einfaldri steinsteypu, hæðin úr R-steini. Á hæðinni eru þrjú herbergi og eldhús, auk inngangs og forstofu. Stærð: 7,0 x 6,2 x 6,0 m. Austan megin hússins er ný viðbygging úr steinsteypu með járnþaki. Þar er inngangur snyrting og geymslur. Stærð: 5,0 x 3,0 x 3,2 m

Stutt saga húss:

Það var Benidikt Sæmundsson (1882-1956), áður bóndi og beykir frá Hrauni í Árnessókn á Ströndum sem byggði Árgerði 1940. Húsið er hlaðið úr R-steini. Kjallari, ein hæð með risi. Í kjallara þvottahús og geymslur. Á hæðinni þrjú herbergi, eldhús og forstofa. Þar bjó hann ásamt konu sinni Hallfríði Jónasdóttur (1889-1947) meðan hún lifði og hann þar til sonur þeirra, Guðmundur (1914-2005), tók við húsinu 1955. Strax árið eftir hefst hann handa við að byggja austanmegin við húsið viðbyggingu úr steinsteypu með járnþaki. Þar er inngangur snyrting og geymslur. Í Árgerði bjó Guðmundur ásamt konu sinni Þórhildi Frímansdóttur (1912-1987) allan sinn búskap meðan hún lifði og hann áfram til 1995 þegar hann seldi Steingrími Val Hallgrímssyni (1973) og konu hans Valgerði Hrönn Ingvarsdóttur (1974) Árgerði. Þau áttu húsið til 1999 en seldu þá Guðmundi Má Sigurbjörnssyni (1942-2014) sjómaður, bóndi og síðar meindýraeyðir og þáverandi konu hans Grétu Sigrúnu Tryggvadóttur (1941) Guðmundur flutti til Akureyrar 2005 en Gréta býr enn í Árgerði.



Athugasemd um húsið:

Tvívegis hefur verið byggt við húsið fyrst 1957 og svo aftur

Athugasemd um umhverfi húss:

Árgerði fylgir 500,0 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Lóðin er ekki afgirt en skjólgirði er umhverfis garðinn. Á lóðinni norðanvið húsið stendur einnig 44,1 m² bílgeymsla sem byggður var á sama tíma og húsið

| Eigenda og íbúaskrá | | |
|----------------------------|------------------------|--------------------|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1940-1955 | Benidikt Sæmundsson | (komu úr Rósuhúsi) |

| | | |
|--------------------------|---|--|
| | Hallfríður Petrína Jónsdóttir | |
| 1955-1995 | Guðmundur Benediktsson Þórhildur Frímansdóttir | Hermann (1940) Svavar (1941) Ingvar (1947) |
| 1967-197? | Sigríður Ólafsdóttir | Sævar Örn (1965) Rúnar Þór (1968) |
| 1995-1999 | Steingrímur Valur Hallgrímsson Valgerður Hrönn Ingvarsdóttir | Sandra Silvía (1995) Karen Eir (1999) |
| 1999-2005 1999 og enn | Guðmundur Már Sigurbjörnsson Gréta Sigrún Tryggvadóttir | |

Árbakki (Á) 1945 Íbúð

Fastanr. 2156697

landnr. 152223

88,5 m²

Fasteignamat 1940

Eigandi og ábúandi Snælaugur Stefánsson. Tún 1,0 ha. Grunnur jarðvegur og leirblandinn. Töðufall 5 síðustu ára um 15 hestburðir. Áhöfn 1/2 kýr og 16 kindur. 8 mans í heimili Húsakostur, íbúðarhús byggð 1887. Baðstofa úr torfi þilstafn. Geymsla og eldhús undir sama risi. Stærð: 9,0 x 3,5 x 3,0 m. Fjós fyrir 2 kýr úr torfi.fjárhús fyrir 25 kindur úr torfi. Hlaða 35 m³ úr torfi.

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Árbakki – apríl 1934. Eigandi Snælaugur Stefánsson. Bær úr torfi og timbri.

Árbakki – des. 1943. Eigandi Snælaugur Stefánsson og seinna Stefán Snælaugsson. Íbúðarhús úr einfaldri steinsteypu. Ein hæð á kjallara. Í kjallara er eldhús, er hann að öðru leiti notaður til geymslu. Á hæðinni eru fjögur herbergi, auk inngangs. Veggir eru þiljaðir og veggfóðraðir. Stærð: 6,75 x 5,5 x 5,5 m.

Árbakki – apríl 1944. Húsið er byggt úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð á kjallara. Í kjallara er eldhús og þrjú geymsluherbergi. Á hæðinni er ein stofa og þrjú svefnherbergi ásamt gangi. Veggir eru þiljaðir og bréflagðir. Stærð: 6,5 x 6,1 x 6,0 m.



Stutt lýsing húss:

Árbakki stóð fast við ána þar sem nú er göngubrúin yfir Þorvaldsána. Þar var reistur torfbær 1897, segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Nú er steinsteyppt íbúðarhús á svipuðum stað og torfbærinn Árbakki var áður. Húsið byggðu feðgarnir Snælaugur Stefánsson (1890-1960) og Stefán Kristinn (1916-1990) 1943 úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð á kjallara. Í kjallara er eldhús og þrjú geymsluherbergi. Á hæðinni er ein stofa og þrjú svefnherbergi ásamt gangi. Veggir eru þiljaðir og bréflagðir. Þau Stefán og kona hans Guðrún Halldórsdóttir (1925-2012) bjuggu í Árbakka til 1967 en þá fluttu þau til Akureyrar. Dóttir þeirra, Ráðhildur er skráð fyrir húsinu frá 1967 til 1988 en þá kaupir núverandi eigandi Skarphéðinn Magnússon, flugvirki Árbakka og notar hann sem sumarhús.



Athugasemd um húsið:

Litlar breytingar hafa verið gerðar á Árbakka. Þó hefur verið byggður inngangsskúr austanvið húsið, úr timbri veð rispaki. Eins hefur verið byggður sólskáli áfastur vesturhlið hússins úr timbri með skúrþaki.

Athugasemd um umhverfi húss:

Árbakka fylgir 7.130,0 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Á lóðinni er einnig seinsteyppt 45,1 m² fjárhús sem byggð voru 1952, en eru nú skráð í fastignaskrá sem bílsgeymsla í eigu G.Ben útgerðarfélags ehf.

| Eigenda og íbúaskrá | | |
|----------------------------|---|--|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1945-1959 -1932 | Snælaugur Baldvin Stefánsson <i>(Kristín Ragnheiður Ágústsdóttir)</i> | Stefán Kristinn (1916) Eijólfur Kristinn (1924) Jakob Jón Kristján (1927) Erika Thienelt (1927) |
| 1945- | Jakob Ágústson Baldvina Sigfúsdóttir | Kristín (1933) Sigfús K Árnason (1928) |
| 1945-1967 | Stefán Kristinn Snælaugsson Guðrún Ólafía Halldórsdóttir | Snælaugur Kristinn (1945) Karólína (1947) Ráðhildur (1948) Óakar Jens (1950) Anna Árnína (1953) Sigrún (1956) |
| 1967-1988 | Ráðhildur Stefánsdóttir | |
| 1988 og enn | Skarphéðinn Magnússon Sigríður Jónsdóttir | |

Viðarholt (Á) 1940, einbýli

fastanr. 2156738

landnr. 152246

78,4 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Viðarholt – des. 1945. Eigandi Benidikt Jónsson. Íbúðarhús úr steinsteypu. Ein hæð á kjallara. Veggir úr einfaldri steinsteypu. Klæddir innan og stoppaðir. Á hæðinni er auk forstofu þrjú herbergi. í kjallara er eldhús og geymslur. Stærð: 8,3 x 5,5 x 5,5 m.



Stutt saga húss:

Íbúðarhúsið að Viðarholti byggði Benidikt Jónsson bátasmiður og aðkomumaður að vestan 1940 úr steinsteypu, ein hæð á kjallara. Veggir úr einfaldri steinsteypu, klæddir innan og stoppaðir. Á hæðinni er auk forstofu þrjú herbergi. í kjallara er eldhús og geymslur. Benidikt átti húsið í stuttan tíma. Baldvin Ásmundsson (1911-1985) Sjómaður og vélstjóri og kona hans Þórunn Jóhannsdóttir (1919-2007) eignuðust húsið 1948? og áttu það til 1976 þegar þau seldu Jónasi Gottskálkssyni (1902-1989) og konu hans Sigríði Jónsdóttur Viðarholt. Þau selja Jóni Ragnarssyni (1948) og konu hans Önnu Maríu Jónsdóttur (1948) sem áttu húsið til 1988. Fjölmargir eigendur hafa verið að Viðarholti frá þeim tíma. Núverandi eigandi er Þorsteinn Konráð Helgason en hann eignaðist húsið 2011.

Athugasemd um húsið:

Viðarholt hefur verið klætt utan með liggjandi panel vatnslæðningu.

Athugasemd um umhverfi húss:

Viðarholti fylgir 1.416,7 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar.

| Eigenda og íbúaskrá | | |
|----------------------------|---|--|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1940-1948? | Benidikt Jónsson | |
| 1948?-1976 | Baldvin Ásmundsson Þórunn Jóhannsdóttir | Heiðar Rafn (1944) Snjólaug Aðalheiður (1948) Jóhann Sigurður (1951 dó 1956) |
| 1948-1953 | Malín Þorsteinsdóttir (<i>m. Þórunnar</i>) | |
| 1964-1967 | Snjólaug Aðalheiður Baldvinsdóttir | Baldvin Ari Guðlaugsson (1965) |
| 1976-1984 | Jónas Gottskálksson Sigríður Jónsdóttir | <i>Rósbjörg Halldóra (1948)</i> |
| 1984-1988 | Jón Ragnarson Anna María Jónsdóttir | Edith Ragna (1966) Jón Albert (1967) Sigríður (1975) |

| | | |
|-------------|--|---|
| 1988-1989 | Konróð Þór Sigurðson (1959) Sigríður Guðmundsdóttir (1961) | Sigurður Óli (1980) Freydís Heba (1984) Lena Margrét (1987) |
| 1989- | Ægir Þór Sverrisson (1962) Fróðný Pálmadóttir (1965) | Arnar Þór (1986) Einar Óli (1988) |
| 1994-1998 | Ingi Steinn Jónsson | |
| 1998-1999 | Tryggvi Kristbjörn Guðmundsson | Petra Breiðfjörð (1991) |
| 1999-2000 | Nedzmedin Saljijovic Redife Saljijovic | Fljamur Saljijevic (1996) |
| 2001-2002 | Margrét Arnheiður Árnadóttir | |
| 2002-2011 | Guðmundur Sveinn Ólafsson | |
| 2011 og enn | Þorsteinn Helgason | |

Árbrekka (H) 1934 Sumarbústaður Fastnr. 2353310 Landnúmer. 222787 52,00 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Árbrekka – mars 1945. Eigandi Jón Kristjánsson. Íbúðarhús úr einfaldri steinsteypu, ein hæð á kjallara, sem er undir hálfu húsinu. Í húsinu er ein stofa og geymsla. Stærð: 5,0 x 3,2 x 2,8 m. Áfast við húsið er fjárhús og heyhlaða úr steini og bárujárni. Stærð: 7,3 x 5,2 x 4,5 m.



Stutt saga húss:

Húsið Árbrekku sem áður var kallað Jónshús, byggði Jón Kristjánsson 1934. Íbúðarhús úr einfaldri steinsteypu, ein hæð á kjallara, sem er undir hálfu húsinu. Í húsinu var ein stofa og geymsla. Stærð: 5,0 x 3,2 x 2,8 m. Áfast við húsið var fjárhús og heyhlaða úr steini og bárujárni sem nú er lönguð horfið af yfirborði jarðar. Jón var á Ytri-Másstöðum í Skíðadal 1901. Vinnumaður á Hálsi í Svarfaðardal, 1930. Síðast búsettur hér í Árbrekku. Hann var alla tíð einsetumaður og var kallaður Jónki heyrnalaus. Eftir að hann fellur frá 1977 eignast Árskógshreppur Árbrekku og frá þeim tíma hefur enginn átt heimilisfestu á Árbrekku. Núvarandi eigandi er Svanur Þorsteinsson og nýtir húsið sem frístundahús.

Athugasemd um húsið:

Eftir að Svanur eignast Árbrekki, lætur hann byggja skúrbyggingu vestanvið húsið. Skipt var um alla glugga og húsið klætt utan með liggjandi bárujárni. Einnig var skipt um járn á þakinu og settar þakrennur.

Athugasemd um umhverfi húss:

Húsið stendur á 6.216,6 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Heljarmikill timbur sólpallur hefur verið settur við húsið að austan, sunnan og vestan og há timbur skjólveggur vestan húss.

| Eigenda og íbúaskrá | | |
|---------------------|--|------|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1934-1977 | Jón Kristjánsson (<i>Þverá Skíðadal</i>) | |
| 1977-1998 | Árskógshreppur | |
| 1998-2014 | Dalvíkurbyggð | |
| 2014 og enn | Svanur Þorsteinsson | |

| | | | | |
|---------------------|---------------|------------------|----------------|---------------------|
| Ártún (Á) Svínárvot | 1935, íbúð. | fastanr. 2156702 | landnr. 152226 | 60,7 m ² |
| | 1935, geymsla | fastanr. 2156703 | landnr. 152226 | 10,2 m ² |

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Svínakot – apríl 1934. Eigandi Gunnlaugur Jónsson. Bær úr torfi og timbri.

Svínakot - nóv. 1934. Eigandi Jakob Ágústsson. Íbúðarhús úr timbri. Ein hæð á steiptum grunni. Veggir og þak pappa og járnklætt. Innrétting, inngangur, ein stofa og tvö svefnherbergi og eldhús. Strigalagt og veggfóðrað. Stærð: 6,4 x 6,1 x 4,0 m. Í húsinu eru 2 eldfæri, eldavél og miðstöðvarketill. Í húsinu er vatnsleiðsla.

Fasteignarmat 1940

Svínárvot - Eigandi og ábúandi Gunnlaugur Jónsson. Tún 1,6 ha. Grunnur jarðvegur og leirblendinn. Töðufall 5 síðustu ára um 20 hestburðir. Áhöfn 1 kýr og 4 kindur. 5 mans í heimili Húsakostur, íbúðarhús byggð 1934 úr timbri á steiptum grunni, veggir og þak pappa og járnklætt. Þrjú herbergi, eldhús, gangur. Miðstöð og vatnsleiðsla. Stærð 6,4 x 6,1 x 3,2 m. Fjós fyrir 2 kýr úr torfi. Fjárhús fyrir 8 kýr úr torfi. Hlaða 60 m³ torfveggir og pappapak.

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1950 – 1973)

Ártún – okt. 1964. Eigandi Gunnar Frímansson. Ein hæð timbur járnvarið á steiptum grunni. Þak járnklætt. Stofa eldhús, herbergi, snyrting og forstofa. Stærð: 6,5 x 6,2 x 3,0 m. Kjallari hálfur. Stærð: 6,0 x 3,0 x 2,0 m.



Stutt saga húss:

Gunnlaugur Jónsson (1872-1946) sjómaður á Árskógsströnd, Hrísey og Hjalteyri og kona hans Jónatanía Kristinsdóttir (1876-1957) sem voru áður búsett á Kleif og Brattavöllum, bjuggu í Svínakoti þar til Gunnlaugur dó 1946. Þau áttu Svínárvot þar til Jakob Ágústsson (1900- 1981) keypti það af þeim 1934. Það ár byggði Jakob íbúðarhús á Svínakoti úr timbri, ein hæð á steiptum grunni. Veggir og þak pappa og járnklætt. Innrétting, inngangur, ein stofa og tvö svefnherbergi og eldhús. Strigalagt og veggfóðrað. Jakob og kona hans Baldvina Guðrún Sigfúsdóttir (1894-1947). Bjuggu í Svínakoti meðan Baldvina lifði, en hún lést fyrir aldur fram 1947 en Jakob bjó áfram í húsinu til 1957. Gunnar Frímansson (1905-1976) sjómaður í Ytrivík, og kona hans Gunnhildur Jónsdóttir (1916-2001) frá Ytra-Kálfskinni keypti Svínakot af Jakobi 1964 og fljótlega upp úr því (sennilega 1976) var nafni hússins breytt úr Svínakoti í Ártún. Gunnar var útvegsbóndi í Ártúni til dauðadags, en hann andaðist 1976 en, Gunnhildur átti húsið meðan hún lifði, en hún dó 2001. Lilja Valþórsdóttir keypti Ártún af börnum Gunnhildar 2002 og notaði sem frístundarhús til 2014 en seldi þá Ævari Þór Bjarnasyni og Birnu H Bergstað Þórmundsdóttur. Núverandi eigandi frá 2015 er Gunnar Konráðsson.



Athugasemd um húsið:

Eftir að Gunnar og Gunnhildur eignast húsið létu þau gera kjallara undir hálfu húsinu og breyta innréttingum. Það var Sveinn Jónson í Kálfskinni, bróðir Gunnhildar sem vann það verk. Ennfremur var skipt um glugga en þeim ekki breytt.

Athugasemd um umhverfi húss:

Lóðin við Ártún er 17.784,6 m², í eigu Dalvíkurbyggðar. Meðan að Lilja Valþórsdóttir átti Ártún lét hún gera mikla sólpalla sunnan og austan hússins og eru timbur skjólveggir norðan og vestan húss. Sunnan við húsið er bílskúr sem áður var útihús og er skráður í skra.is vera frá 1935 og er 10,2 m².

| Eigenda og íbúaskrá | | |
|----------------------------|---|--|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1934-1946 | Gunnlaugur Jónsson Jónatanía Kristinnsdóttir | Þórlaug (1903) Friðþjófur (1914) Þorvaldur (1916) |
| 1924-1934 | Þórlaug Gunnlaugsdóttir | Hólfr. Guðr. Guðmundsdóttir (1924) Gunnlaugur A. Angantýsson (1930) |
| 1934-1957 -1947 | Jakob Sigurvin Ágústsson Baldvina Sigfúsdóttir | Kristín Ragnheiður (1933) Sigfús Hilmar Árnason (1928) fósturb. |
| 1954-1956 | Jóhann V Kjartansson (<i>sjómaður</i>) Kristín Ragnheiður Jakobsdóttir | Baldvin G (1954) Sigfríð Ósk (1956) |
| 194?-1950 | Eyjólfur Kristinn Snælaugsson (<i>ættingi</i>) | |
| 1964-1976 -2002 | Arnþór Gunnar Frímansson Gunnhildur Jónsdóttir | Rafn (1944) |
| 1966-1968 | Rafn Gunnarson Bryndýs Friðriksdóttir | Dóttir (1967) Valdís Erla Eiríksdóttir (1964) |
| 1981-1984? | Antor Þór Harðarson Vigdís Kristbjörg Sigurðardóttir | Ragnhildur Alís (1982) |
| 1984- | Gísli Rúnar Jónsson | |
| 2002-2002 | Svandís Gunnarsdóttir Hörður Gunnarsson Rafn Gunnarson | |
| 2002-2014 | Lilja Valþórsdóttir | |
| 2014-2015 | Ævar Þór Bjarnason Birna H Bergstað Þórmundsdóttir | |
| 2015 og enn | Gunnar Konráðsson | |

| | | | | | | |
|--------------------|---------------------|-------|-------|-----------------|---------------|----------------------|
| Ægisgata 3, | Kárahús (Á), | 1934, | íbúð. | Fastanr.2156712 | landnr.152234 | 107,8 m ² |
| | Árnes | 1950 | íbúð | Fastanr.2156713 | landnr.152234 | 125,6 m ² |

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Eigandi Kári Jóhannesson. Íbúðarhús úr timbri. Ein hæð á kjallara úr járnbentri steypu. Veggir og þak pappa og járnklætt. Innréttingar. Inngangur, ein stofa, tvö svefnherbergi, eldhús og búr. Strigaklætt og veggfóðrað. Stærð: 7,8 x 7,2 x 6,0 m. Í húsinu eru tvö eldstæði, ofn og eldavél. Í húsinu er vatnsleiðsla.

Gunnlaugur Kárason váttryggir hús í smíðum áfast við Kárahús á Litla Árskógssandi frá 1/12. 1950.

Endurmat 1960. Endurmat 1982.

(viðbygging) – des. 1951. Eigandi Gunnlaugur

Kárason. Íbúðarhús, viðbygging við býlið Kárahús. Ein hæð úr timbri á steinsteyptum kjallara. Þak úr timbri og pappa, loft, gólf og skilrúm úr timbri. Á hæðinni er auk forstofu, eldhús, stofa og þrjú herbergi. Kjallari notaður til geymslu. Stærð: 10,0 x 6,5 x 6,0 m.

Gunnar Kárason tryggir 7. Nóv. 1958 – fjárhús, fjós og hlöðu sem byggt er á steypum grunni. Asbest með járnþaki. 20 m. Frá Kárahúsi. Hlaðan er skilin frá með timbur stafni. Stærð: 15,0 x 5,0 x 3,0 m.



Fasteignamat 1940

Eigandi og ábúandi Kári Jóhannesson. Tún 10,5 ha. Jarðvegur góður. Töðufall 5 síðustu ára um 15 hestburðir. Áhöfn 1 kýr og 6 kindur. 6 mans í heimili Húsakostur, íbúðarhús byggð 1934 úr timbri á steypum kjallara, ein hæð, allt járnvarið. Þrjú herbergi, eldhús. Sæmilega vandað, ekki fullgert. Stærð: 7,8 x 7,2 s 5,5 m.



Stutt saga húss:

Kári Jóhannesson og konu hans Margrét Þórðardóttur byggði íbúðarhús á Litla-Árskógssandi, árið 1934 og var það lengi kallað Kárahús. Íbúðarhús úr timbri, ein hæð á kjallara úr járnbentri steypu. Veggir og þak pappa og járnklætt. Innréttingar, inngangur, ein stofa, tvö svefnherbergi, eldhús og búr. Strigaklætt og veggfóðrað. Þannig var húsið þar til Gunnlaugur og Kári, synir Kára og Margrétar, byggðu hús áfast við Kárahús árið 1950 og nefndu það Árnes. Íbúðarhús, viðbygging við býlið Kárahús. Ein hæð úr timbri á steinsteyptum kjallara. Þak úr timbri og pappa, loft, gólf og skilrúm úr timbri. Á hæðinni er auk forstofu, eldhús, stofa og þrjú herbergi. Kjallari notaður til geymslu. Gunnlaugur og Baldvina kona hans bjuggu í Árnesi til 1970 en fluttu þá ásamt Kára bróður Gunnlaugs til Dalvíkur og seldu Birni Þorvaldssyni Árnes. Kári og Margrét bjuggu í Kárahúsi alla sína starfsæfi en Kári lést 1967. Margrét flutti til Dalvíkur með þeim sonum sínum Gunnlaugi og Kára 1970. Núverandi eigandi af Kárahúsi er Ólöf Minna Guðmundsdóttir sem notar húsið sem frístundarhús en eigandi af Árnesi er G. Ben útgerðarfélag ehf. Það er notað sem skrifstofuaðstaða fyrir útgerðina.



Athugasemd um húsið:

Nýrri hluti hússins (Árnes) var seinna múrhúðaður eða forskallaður og þá var þakið einnig klætt mað bárujárni. Skipt hefur verið um alla glugga í húsinu og þeim breytt þannig að þar sem árðu voru gluggar í elsta hlutanum, með einum standandi póst og tveimur liggjandi sem skiptu glugganum í sex jafn stóra reiti voru settir gluggar með einum standandi póst sem skiptu glugganum í eitt stórt hólf og annað langt og mjótt og gjarnan með lausu fagi. Fyrir fáum árum var bygður inngangsskúr vestan við húsið úr timbri klætt bárujárni með skúrþaki.

Athugasemd um umhverfi húss:

Húsinu fylgir 915,1 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Hún er að hluta til gist af með lágri timburgirðingu. Á lóðarmörkum að vestan er lágvaxið skjólgirði í framhaldi af lágum steypum vegg.



Eigenda og íbúaskrá

| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
|---|--|--|
| <u>Kárahús</u> 1934-1967 | Kári Jóhannesson Þórný Margrét Þórðardóttir | Valves (1910) Gunnlaugur (1915) Kári (1917) |
| 1970-1998 1998-1998 | Árskógshreppur Dalvíkurbyggð | |
| 1998-2006 | Laufey Davíðsdóttir Starri Hjartarson | Ösp Laufeyjardóttir (2000) |
| 2006 og enn | Ólöf Minny Guðmundsdóttir | Sigrún Ágústa Erlingsdóttir (1984) |
| <u>Árnes</u> 1943-1970 | Gunnlaugur Kárason Baldvina Jóna Guðlaugsdóttir | Ebba (1943) Þórný Margrét (1945) Björgvin Þorleifur (1947) Gunnlaugur Jón (1949) Albert (1956) Víðir (1964) Andrea Guðrún (1970) |
| 1937-1970 | Kári Kárason | |
| 1953-1956 | Konrá Sigurðsson Soffía Sigurðardóttir | Gunnlaugur (1946) |
| 1962-1963 | Ebba Gunnlaugsdóttir | Óli Þór Magnússon (1963) |
| 1970-1989? | Björn Egilsson | |
| 1976-1979 1977-1979 | Eiríkur Þorvaldsson Svava Sigurgeirsdóttir | |
| 1980-1983 | Jóhannes Þorsteinsson | |
| 1986-1987 | Guðmundur Benidiktsson Þórhildur Frímansdóttir | |
| 1986-1989 | Guðmundur A Hermannsson Anna Guðrún Snorradóttir | Sigurlaug Dr. (1985) Hermann(1988) |
| -1997 1997-2001 2001-2002 2002-2002 2002 og enn | G.Ben sf. BGB hf. Bliki G.Ben G.Ben útgerðarfélag ehf. Samherji hf G.Ben útgerðarfélag ehf. | |

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Skógarnes – apríl 1934. Eigandi Jón Kristjánsson. A: Íbúðarhús úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð og kjallari með litlu risi. Stærð: 8,3 x 7,5 x 6,0 m. Innrétting hússins er forstofa, dagstofa, tvö svefnherbergi, eldhús og búr. Kjallarinn er í fjórum hólfum, skipt með steinskilrúmum, notaður til geymslu. Á efri hæð hússins eru tvö timburskilrúm.



Fasteignamat 1940

Eigandi og ábúandi Jón Kristjánsson. Tún 1,6 ha. Jarðvegur góður. Töðufall 5 síðustu ára um 12 hestburðir. Áhöfn 1 kýr. 6 mans í heimili Húsakostur, íbúðarhús byggð 1933 úr steinsteypu, ein hæð á kjallara með pappaklæddu þaki. Þrjú herbergi, búr, eldhús og forstofa. Fremur vandað og vel meðfarið. Stærð: 8,3 x 7,5 x 5,5 m.

Stutt saga húss:

Húsið Skógarnes byggði Jón Kristjánsson (1880-1971) frá Hellu bátsformaður í Litla-Árskógi, seinna skipstjóri og útgerðarmaður, árið 1933. Jónas Franklín Kristjánsson, bróðir hans teiknað það og var byggingameistarinn. Íbúðarhús úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð og kjallari með litlu risi með pappaklæddu valmapaki. Innrétting hússins er forstofa, dagstofa, tvö svefnherbergi, eldhús og búr.



Kjallarinn er í fjórum hólfum, skipt með steinskilrúmum, notaður til geymslu og þar var mjög lengi ein kýr á bás. Á efri hæð hússins eru tvö timburskilrúm. Húsið er vandað og vel viðhaldið frá fyrstu tíð. Húsið stóð vel af sér jarðskjálftann 2 júlí 1934, en þó komu sprungur í veggum og út frá gluggum. Þar bjuggu þau Jón og Þórey Einarsdóttir (1888-1989) kona hans allan senn búskap. Nokkru eftir að Jón lést, seldi Þórey núverandi eigendum Skógarnes þeim Hauki Sigfússyni (1953) og Svanhildi Sigfúsdóttur (1951) húsið.

Athugasemd um húsið:

Lengi var pappi á þakinu en þegar hann fór að rifna og veðrast var sett bárujárn yfir. Strax ári eftir að Haukur og Svanhildur eignast húsið létu þau skipta um alla glugga í því. Þeim var breytt þannig að áður voru gluggar með krosspóstum sem skiptu þeim í tvö stærri hólfa að neðan og var minni hólfunum skipt með einum sprossa í tvö lítil hólfa. Laust far var í öðru hólfinu að ofan. Nýju gluggarnir voru



með einum standandi pósti sem skiptu þeim í eitt stórt hólfa og annað mjótt með lausu fagi. Það voru Kötlu-menn sem smíðuðu gluggana og skiptu um. Þá var enn fremur einum litlum

glugga á vesturhliðinni lokað og múrað fyrir. Byggður var bílskúr austanvið húsið 1983. Í kjallara íbúðarhússins var steyppt gólf í einu herbergi en annars voru moldargólf. Haukur braut upp steyppta gólfið, gróf upp úr öðrum rýmum og steypiti nýtt gólf í allan kjallarann og fékk við þetta meiri lofthæð þar en verið hafði. Eftir 1990 grófu þau svo frá öllu húsinu og drenuðu í kringum það og einangruðu sökkuðulinn í leiðinni með sökkuðulull. Um svipað leiti var norðurhlið hússins og háls vesturhlið einangruð með 3 tommu plasteinangrun og dregið upp á hana með akríl-efni á nælonnet. Þá var gerður gluggi á norðurhlið hússins en þar var enginn gluggi fyrir. Smíðaður var inngangsskúr á norðurhlið hússins yfir kjallarainnganginn.



Athugasemd um umhverfi húss:

Húsinu Skógarnes fylgir lóð sem er 921,0 m² í eigu Dalvíkurbyggðar. Hellulagt bílastæði er frá götun að bílskúr, norðan við hús. Stór timbur sólþallur er vestanvið húsið sem gengt er út á úr stofu. Er hann girtur af með háum timbur skjólvegg. Annar sólþallur er vestanvið bílskúrinn og er heitur pottur á honum. Er hann einnig umgirtur skjólveggjum. Garðurinn er snyrtilegur með runnum og trjám.

| Eigenda og íbúaskrá | | |
|----------------------------|---|--|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1933-1971 -1972 | Jón Kristjánsson Þórey Einarsdóttir | Snorri Páll Snorrason (1919) Halldór Snorrason (1924) synir Þóreyjar Sóley (1931) Svanhvít (1931) Rósa Guðrún (1933) |
| 1950-1973? | Svanhvít Jónsdóttir | Jón Ásgeir Eyjólfsson (1951) |
| 1957-1958 | Rósa Guðrún Jónsdóttir | Ragnar Stefán Brynjarsson (1958) |
| 1976 og enn | Brynjar Haukur Sigfússon Svanhildur Sigfúsdóttir | Hrafnhildur P (1981) |

| | | | |
|---|------------------|----------------|---------------------|
| Ægisgata 15, Sæland (Á), 1934, íbúð. | Fastanr. 2156733 | landnr. 152243 | 89,0 m ² |
| (Magnúsarbær) | 1945, geymsla | | 56,2 m ² |
| | 1948, geymsla | | 41,9 m ² |

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Sæland – febr. 1935. Eigandi Magnús Sölvason og seinna Baldvin Jóhannesson. Íbúðarhús úr timbri pappa og bárujárni. Ein hæð á kjallara úr járnbentri steinsteypu. Þak úr timbri, pappa og bárujárni. Innrétting, forstofa, stofa, svefnherbergi og eldhús og gangur í kjallara. Alþiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Stærð: 6,3 x 6,3 x 6,0 m.

Magnús Sölvason Sælandi Árskógshreppi váttryggir hús í smíðum. Byggt úr timbri og járnklætt, á steiptum grunni með efni liggjandi á staðnum frá 1. des. 1934.



Fasteignamat 1940

Eigandi á ábúandi Magnús Sölvason. Tún 2,0 ha. Jarðvegur góður. Töðufall 5 síðustu ára um 3 hestburðir. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1935 úr timbri á steinsteiptum kjallara, ein hæð og ris. Allt pappa og járnvarið. Tvö herbergi, eldhús og forstofa. Ekki vandað. Stærð: 6,3 x 6,3 x 5,5 m

Stutt saga húss:

Húsið Sæland (Magnúsarbær) byggðu hjónin Magnús Sölvason (81902-1972) og Anna Sigfúsdóttir (1895-1943) árið 1934. Íbúðarhús úr timbri pappa og bárujárni. Ein hæð á kjallara úr járnbentri steinsteypu. Þak úr timbri, pappa og bárujárni. Innrétting, forstofa, stofa, svefnherbergi og eldhús og gangur í kjallara. Alþiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Þau Magnús og Anna bjuggu þar með börn sín fimm til 1943 en þá eignuðust Baldvin Jóhannesson (1904-1975) lausamaður í Hinriksmýri, sjómaður og bóndi og kona hans Freydís Þorsteinsdóttir (1914-1985) Sæland. Baldvin byggði fljótlega fjárhús og hlöðu norðan og austan við húsið. Þær byggingar standa enn og einnig skúr sem hann byggði áfast íbúðarhúsinu að norðan. Baldvin og Freydís bjuggu í Sælandi til æviloka en eftir þeirra dag eignaðist sonur þeirra, Brynjar (1939-2014) húsið og átti það og bjó í því til æviloki. Núverandi eigandi Sælands er Arnar Gústafsson.



Athugasemd um húsið:

Húsið er að mestu óbreytt frá upphafi fyrir utan hefðbundið viðhald, nema að fljótlega eftir að Baldvin eignaðist það byggði hann timburskúr, klæddan bárujárni norðanvið húsið sem hann notaði sem vinnuástöðu. Einnig hefur verið skipt um glugga í því og útihurð. Gluggunum var breytt þannig að áður voru gluggar með tveimur standandi póstum og einum liggjandi sem skiptu gluggunum í þrjú hólf að neðan og miðhólfið stærst og þrjú minni hólf að

ofan og laust fag í miðhólfinu sem var stærst. Í staðinn voru settir gluggar með einum standandi pósti sem skiptu gluggunum í eitt stærra hólfið og annað mjótt með lausu fagi.

Athugasemd um umhverfi húss:

Sælandi fylgir 1.005,0 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Lóðin er ekki girt en það eru hávaxin grenitré í garðinum sunnan við húsið. Timburgirðing með neti er norðanvið húsið. Fjárhús sem byggt var 1945 og hlaða frá 1948 eru á lóðinni vestan við íbúðarhúsið. Þessum byggingum er vel viðhaldið og eru þær nýttar í dag sem geymslur.



| Eigenda og íbúaskrá | | |
|----------------------------|---|--|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1934-1943 | Magnús Sölvason Anna Sigfúsína Sigfúsdóttir | Borghildur Sölvey (1928) Haraldur (1931) Svavar (1933) Sölvi (1936) Soffía (1937) |
| 1943-1971 -1985 | Baldvin Jóhannesson Jóhanna Freydís Þorvaldsdóttir <i>(koma úr Gilsbakka 1941)</i> | Anton Þór (1936) Jóhannes (1937) Brynjar (1939) Þorvaldur Þorvaldsson (1940) Gylfi (1941) Zophonías (1943) Ragnheiður Ingibjörg (1948) Pálína Katrín (1951) |
| 1964-1965 | Zophonías Baldvinsson Erla Þorsteinsdóttir | |
| 1964-1965 | Þorvaldur Þorvaldsson Ingigerður Jónsdóttir | Baldvin (1964) |
| 1968-197? | Anton Þór Baldvinsson Valgerður Friðriksdóttir | Elfar Þór (1967) Vignir Þór (1969) |
| 1967-1968 | Ragnheiður Baldvinsdóttir | ?? Ólafsson (1968) |
| 1976-2014 | Brynjar Baldvinsson | |
| 2014 og enn | Arnar Gústafsson <i>(í Brimnesi)</i> | |

Ægisgata 19, Sæborg (Á) 1945,

fastanr. 2156730

landnr. 152242

123,4 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Sæborg – apríl 1944. Eigandi Valves Kárason.

Einlyft hús á steiptum kjallara. Kjallarinn er í fjórum hólfum, notaður til geymslu. Á hæðinni eru þrjú herbergi, eldhús og forstofa, notað til íbúðar. Í húsinu er vatnsleiðsla. Stærð: 7,15 x 7,15 x 5,8 m.

Stutt saga húss:

Valves Kórason (1910-1984), einn bræðranna úr Kárahusi, byggt húsið Sæborg 1945 og er húsið í funkis-stíl með steinsteyptum kjallara en hæðin hlaðin úr tvöföldum r-steini með reiðings einangrun milli hleðslna. Valmapak, bárujárnsklætt. Kjallarinn er í fjórum hólfum, notaður til geymslu. Á hæðinni eru þrjú herbergi, eldhús og forstofa, notað til íbúðar. Í húsinu er. Fyrir á árum var rekin verslun og póstafrangiðsla í húsinu jafnframt að það var búið í því. Valvar og kona hans Ágústa Jónsdóttir (1919-2007) bjuggu allan sinn starfsaldur í Sæborg og Ágústa áfram, eftir að Valves féll frá, til 1995. Þá eignaðist Jón Ríkharður Kárason (1947-1999) húsið og átti það til 1998 þegar Húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar leisti það til sín. Friðrik Sigfússon (1950) keypti Sæbora 1998 og á það til 2003 þegar Íbúðarlánasjóður leysti það til sín. Það sama ár keyptu Ari Axel Jónsson og Hólmfríður G Þorleifsdóttir húsið og áttu það til 2010. Núverandi eigandi er Soffía Margrét Sigurðardóttir.

Athugasemd um húsið:

Húsið hafði staðið autt í nokkur ár þegar núverandi eigendur tóku við því og var nokkuð farið að láta á sjá. Einhverjar endurbætur höfðu þó verið gerðar, þar á meðal var skúrbygging sem stóð áföst húsinu að vestanverðu fjarlægð. Nú hafa hinir nýu eigendur hafist handa við miklar endurbætur. Búið er að endurgera þak, skipta um fúnar sperrur og borðaklæðningu, setja nýjan þakpappa skipta um allt þakjárn. Húsið hefur verið einangrað að utan með 2ja tommu plasteinangrun og múrað á það. Skipt hefur verið um flest alla glugga og gler endurnýjað. Talsverðar breytingar eru einnig gerðar innanhúss. Gólf í kjallara var brotið upp og grafið upp úr því og lofthæð með því aukin. Innréttað hefur verið baðherbergi þar og skipt um allar skólplagnir. Gerður hefur verið nýr stígi úr kjallara á efrihæð. Á efrihæðinni var fjarlægður einn steiptur milliveggur og gert eitt stórt rými úr tveimur minni. Þar verður komið fyrir eldhúsinnréttingu o.fl.

Eins og áður var getið var skúrinn fjarlægður fyrir nokkrum árum. Árið 2013 var byggður inngangsskúr þar sem gamli skúrinn hafði áður virið. Byggingin var steipt upp í kubbamótum á steinsteyptum grunn. Einnig var efriplata



steypt, og þar er verönd sem gengt er á af efrihæð. Gert var hurðargat á vesturhlið hússins, út á umrædda verönd.

Athugasemd um umhverfi húss:

Húsið Sæborg stendur á 1.294,9 m². í eigu Dalvíkurbyggðar. Bílastæði er austan við húsið og gangstétt að útitröppur sunnan húss. Lágvaxin skjólgirði eru á lóðarmörkum að sunnan og vestan, en garðurinn er í vinnslu.



| Eigenda og íbúaskrá | | |
|----------------------------|---|--|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1945-1984 -1995 | Valves Kárason Ágústa Jónsdóttir | Kári (1943) Ebba (1946) Gunnar Jón (1952) Anna Margrét (1955) Kolbrún (1956) |
| 1976 | Anna Margrét Valvesdóttir | ?? Jóhannesdóttir (1977) |
| 1995-1998 | Jón Ríkharður Kárason | |
| 1998-1998 | Húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar | |
| 1998-2003 -2000 | Friðrik Sigfússon Kristín Þórarinsdóttir | |
| 2003-2003 | Íbúðarlánasjóðu | |
| 2003-2010 | Ari Axel Jónsson Hólmfríður G Þorleifsdóttir | |
| 2010-2010 | Dalvíkurbyggð | |
| 2010 og enn | Soffía Margrét Sigurðardóttir | |

Lækjarbakki (Á) 1935, sumarhús

fastanr. 2156714

landnr. 152235

36,0 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Lækjarbakki – apríl 1934. Eigendur Þorvaldur Jónsson, seinna Árskógshreppur. A: Torfbær. Baðstofa þiljuð að mestu leiti með timburstafni. Stærð: 5,0 x 3,0 x 3,0 m. Gluggar og dyr í minna lagi. B: Geymsla einnig óþiljuð. Stærð: 3,5 x 2,0 x 2,5 m. C: Geymsla einnig óþiljuð. Stærð: 3,0 x 2,5 x 2,5 m. D: Fjánhús úr torfi með torfbaki. Stærð: 5,0 x 3,0 x 2,5 m. E: Hlaða. Stærð: 2,5 x 2,5 x 2,5 m. F: Bæjardyr. Stærð: 1,5 x 1,5 m.

Endurvirðing 10. des. 1945. Endurbyggð íbúð. Stofa og eldhús. Stafnar úr timbri. Hliðarveggir úr torfi. Þiljað innan. Áfast við íbúðina að norðan er geymsla. Þiljuð innan. Stærð íbúðar: 7,0 x 3,3 x 3,5 m. Geymsla: 7,0 x 3,0 x 2,0 m. Núverandi eigandi, Valintín Sölvason.

Fasteignarmat 1940

Lækjarbakki byggður 1922 eigandi Guðrún Guðjónsdóttir, leigulóð. Íbúðarhús úr torfi og timbri, rakasamt og kalt. Öll hús komin að hrúni. Baðstofa: 5,0 x 3,0 x 3,0 m. Geymslur: 3,5 x 2,0 x 2,5 m. 3,0 x 2,5 x 2,5 m. Kofar: 1,5 x 1,5 x 2,0 m.



Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1950 – 1973)

Lækjarbakki – nóv. 1955. Eigandi Valentín Sölvason. Endurbyggður bær. Norðurhlið úr einfaldri steinsteypu, aðrir útveggir úr timbri og asbesti. Allir útveggir klæddir innan með valborðum. Skilrúm úr valborðum og panel. Þakið er úr timbri, pappa og bárujárn. Gólfið úr steinsteypu. Innrétting, tvær stofur, eldhús, geymsla, snyrting og inngangur. Stærð: 8,0 x 6,0 x 3,5 m.

Stutt saga húss.

Gilsbakki og Lækjarbakki voru sjóbýli með grasnyt úr Hellulandi. Þau eru sunnan Hinriksmýrarlæks. Lækjarbakki var lengi nefnt Nöfin, eða Dauðansnöf. Þar var fyrst byggt árið 1887, segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Í apríl 1934 eru húsakinni á Lækjarbakka endurvirt vegna breytinga og þeim þannig lýst. Torfbær, baðstofa þiljuð að mestu leiti með timburstafni. Gluggar og dyr í minna lagi. Tvær geymslur óþiljaðar. 1934 átti Þorvaldur Jónsson Lækjarbakka. Í fasteignarmati 1940 segir: „Lækjarbakki byggður 1922 eigandi Guðrún Guðjónsdóttir, leigulóð. Íbúðarhús úr torfi og timbri, rakasamt og kalt. Öll hús komin að hrúni“. Í virðingu Brunabótafélagsins frá í nóv. 1955 segir um Lækjarbakka: „Eigandi Valentín Sölvason. Endurbyggður bær. Norðurhlið úr einfaldri steinsteypu, aðrir útveggir úr timbri og asbesti. Allir útveggir klæddir innan með valborðum. Skilrúm úr valborðum og panel. Þakið er úr timbri, pappa og bárujárn. Gólfið úr steinsteypu. Innrétting, tvær stofur, eldhús, geymsla, snyrting og inngangur“. Valentín bjá á Lækjarbakka ásamt konu sinni Sigríði Kristínu Ingjaldsdóttur til 1967 en þá lagðist búseta niður þar og hefur ekki verið föst búseta þar síðan. Eftir að jörðin fór í eyði eignaðist Ingunn Kristjánsdóttir frá Hellu Lækjarbakka og frá 1996 eru börn hennar, Anna og Jóhannes Jóhannesbörn, skráð fyrir eigninni.

Athugasemd um húsið:

Lítið stendur eftir af því húsi sem þarna er lýst nema norðurhliðin úr einfaldri steinsteypu og gólfið einnig úr steinsteypu. Allt annað hefur verið endurnýjar og endurbyggt. Nú stendur

steinsteypt, bárujárnsklætt einbýlishús á einni hæð þar sem torfbærinn var áður. Húsið er notað sem sumarhúsi.

Athugasemd um umhverfi húss:

Lækjarbakka fylgir 9,0 ha ræktarland sem er í eigu

| Eigenda og íbúaskrá | | |
|----------------------------|--|---|
| Tímabil | Eigendur, íbúar | Börn |
| 1935-1939? -1940 | Þorvaldur Jónsson, Guðrún Guðjónsdóttir (<i>ráðskona</i>) | |
| 1935-1937? | Anna Gunnlaugsdóttir (<i>lk</i>) Gunnlaugur Jóhannesson (<i>lm</i>) | (<i>sonur Önnu</i>) |
| 1940-1950? | Gestur Sölvason Kristjana Ingimundardóttir | Oddgeir (1930) Gestur Bergvin (1933) Líney Hulda (1935) Vordór (1938) Oddný Sigríður (1940) |
| 1950-1967 | Valentín Sölvason Sigríður Kristín Ingjaldsdóttir | Georg (1942) |
| 1967-1986 | Í eyði | |
| 1986-1996 | Ingunn Kristjánsdóttir | |
| 1996 og enn | Anna Sigurbjörg Jóhannesdóttir Stefán B Sigurðsson Jóhannes Már Jóhannesson Helga Björg Jónasardóttir | |

Heimildarskrá:

Byggðir Eyjafjarðar 1970, 1990 og 2010

Íbúaskrá Árskógsstrandarhrepps (1953-1998)

Íbúaskrá Dalvíkurbyggðar (1998-2015)

Fornleifaskráning í Eyjafirði XVIII og XIX: Elín Ósk Hreiðarsdóttir

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945) og (frá árinu 1950 – 1973)

Handrit af íbúaskrá Árskógsstranda frá 1700 til 1970: Freymóður Jóhannsson

Fasteignarmat 1940

Þjóðskrá Íslands (skra.is)

Örnefnaskrá Árskógshrepps, Jóhannes Óli Sæmundsson

Islendingabok.is